Þegar lítið er á hvar EBRD hefur komið að fjárfestingum og fjármögnunum, má sjá að 30 prósent fjárfestinganna hafa verið á sviði fjármála og um 16 prósent á sviði orkumála. Það er því ekki síst þar sem Íslendingar hafa bæði þróað fjármálaumhverfi og mikla reynslu á sviði orkumála að fyrirlestrar beindust að þessum tveimur sviðum. Nefna má í þessu samhengi að íslenska fyrirtækið CreditInfo Group hefur haslað sér völl víða í Austur-Evrópu og nýlega bætti

félagið við hlut sinn í rúmenska fyrirtækinu Delos Creditinfo Romania og á nú 65 prósent í fyrirtækinu en átti áður 23 prósent.

Rússland næststærst

Þegar lítið er yfir hvar EBRD kemur að fjárfestingum og hvernig, má sjá að Mið-Evrópa og Eystrasaltslöndin eru langstærstu löndin þegar kemur að útlánunum bankans eða um 40 prósent. Næst kemur Rússland með um 23 prósent og svo Suðaustur-Evrópa með um 20 prósent. Þátttaka bankans í einstökum verkefnum getur verið með mismunandi hætti.

Bankinn lánar að lágmarki 5 milljónir evra en á ráðstefnunni á dögnum kom þó bersýnilega í ljós að ef um er að ræða áhuga-verð verkefni getur bankinn verið tilbúinn til þess að víkja frá þessari reglu. Þá er lánstími frá einu til fimmtán ára. Lánin geta verið umtreytanleg í hlutfé eftir ákveðinn tíma eða þá að lánin geta verið tiltekið hlutfall.

Hróð þróun í Austur-Evrópu

Uppbyggingin í Austur-Evrópu hefur verið hróð á undanförunum árum. Margir spá því að þar muni á næstunni verða einhver mestu uppangurinn í viðskiptalífi Evrópu þar sem markaðurinn sé svo vanþróaður. Hann sé hins vegar stór og allt útilit er fyrir að pólitískur stöðugleiki verði þar á næstu árum. Ekki síst er búist við því að stærri fyrirtæki muni hasla sér völl þar í sífelld ríkari mæli.

Á fundinum var þeirri spurningu velt fram hvort pólitískur stöðugleiki væri í hættu í tilteknu landi í kjölfar þess að þar hefur nú verið boðað til kosninga, en niðurstaðan hjá þeim sem svaraði var einföld: Enginn getur spáð um þróunina á slíkum þáttum í þessum löndum, það er einfaldlega of snemmt.

Hvað sem því líður, eru fjárfestar áhugasamir um þennan að mörgu leyti vanþróaða heimshluta og má búast við að fleiri Íslendingar sjái tækifæri til að fjárfesta þar á næstunni. Ekki síst þegar sækja má reynslu og þekkingu til fjármálastofnana og annarra Íslendinga sem hafa gert það gott.

Slóð banks er: <http://www.ebrd.com/>

Við opnum þér heiminn í sumar á lágsta verðinu frá kr. 6.890

Düsseldorf

Frá kr. 6.890

Flugsæti aðra leið með sköttum (Düsseldorf-Kettavík). Takmarkað sataframboð á þessu verði.

Alicante

Frá kr. 7.990

Flugsæti aðra leið með sköttum (Kettavík-Alicante). Takmarkað sataframboð á þessu verði.

München

Frá kr. 7.110

Flugsæti aðra leið með sköttum (München-Kettavík). Takmarkað sataframboð á þessu verði.

Barcelona

Frá kr. 9.900

Flugsæti aðra leið með sköttum (Barcelona-Kettavík). Takmarkað sataframboð á þessu verði.

Bologna

Frá kr. 9.900

Flugsæti aðra leið með sköttum (Bologna-Kettavík). Takmarkað sataframboð á þessu verði.

Bókaðu strax og tryggðu þér lágsta verðið!

www.heimsferdir.is

Helmsferðir
Eldgöngu 18 • sími 595 1000 • Akureyri
sími 461 1090 • www.heimsferdir.is



GLAÐIR FUNDARMENN Fulltrúar frá Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu komu hingað á dögnum og kynntu starfsemi bankans á vegum Útflutningsráðs. Forsvarsmenn Kauphallar Íslands kynntu þeim einnig starfsemi Kauphallarinnar og fjölluðu um íslenska hagkerfið og útrás íslenskra fyrirtækja.

Spurningakeppni í tölvunni

Tölvuleikurinn Buzz! The Music Quiz er kominn út. Þetta er spurningaleikur þar sem keppendur geta spreytt sig á 5.000 spurningum tengdum tónlist.

Leikurinn er settur upp í formi spurningarþátar eins og þeir voru á gullöld sjónvarpsins. Keppendur geta klæðskeramað leikinn eftir sínum þörfum. Hægt er að spila hann einn eða með fleirum og þurfa keppendur að velja sér eina af sextán persónum sem eru í boði til að nota í þættinum. Einnig geta menn búið til sínar eigin spurningar.

Spurningarnar í leiknum eru gerðar af sérfræðingum auk þess sem hvert lagabrot sem spurt er um er úr þekktu lagi frá síðustu sex áratugum. Leikurinn er gerður fyrir Playstation 2 leikjatölvuna.



BUZZ! Spurningarleikurinn Buzz! The Music Quiz býður upp á 5.000 tónlistarspurningar.

Draugagangur hjá Radiohead



Hljómsveitin Radiohead segist hafa heyrt undarleg hljóð í húsinu þar sem hún tekur upp sína nýjstu plötu.

Upptökurnar hafa staðið yfir á gömlu sveitabýli og svo virðist sem ekki sé allt með felldu þar. „Það er líklega draugagangur í húsinu sem við erum í,“ segir Thom Yorke, söngvari Radiohead. „Þetta er mjög gamalt hús. Herbergin færast til og það heyrast hljóð. Ég held að það sé pottþétt draugagangur þar. Þér líður eins og það sé verið að fylgjast með þér.“

Vinur hljómveitarmedlimanna er á sama máli og Yorke. „Það er eitthvað mjög furðulegt á seyði í

EKKI FLEIRI DRAUGA! Thom Yorke er væntanlega kominn með nóg af draugagangi þessa dagana.

húsinu en hljóðverið þar er frábært þannig að strákarnir láta sig hafa það.“ Hann bætir því við að draugagangurinn hafi veitt Radiohead innblástur að laginu Burn the Witch.



SIGUR RÓS Þeir félagar í Sigur Rós eru á toppi X-listans í þessari viku með lagið Glósóli.

X-DÓMÍNOSLISTINN

TOPP 10 LISTI X-INS 97,7

1. **SIGUR RÓS**
GLÓSÓLI
2. **GOLDIE LOOKIN CHAIN**
YOUR MISSUS IS A NUTTER
3. **DEPECHE MODE**
PRECIOUS
4. **NÚMER NÚLL**
HER Á ALLT AÐ FÁ AÐ FLÆÐA
5. **NADA SURF**
ALWAYS LOVE
6. **JEFF WHO?**
THE GOLDEN AGE
7. **DEATH CAB FOR CUTIE**
SOUL MEETS BODY
8. **KORN**
TWISTED TRANSISTOR
9. **STAIN'D**
RIGHT HERE
10. **AUDIO BULLYS**
I'M IN LOVE
11. **MAXIMO PARK**
GOING MISSING
12. **FRANZ FERDINAND**
DO YOU WANT TO
13. **RAMMSTEIN**
BENZIN
14. **SYSTEM OF A DOWN**
OLD SCHOOL HOLLYWOOD
15. **A.J.**
BOTTOMS UP
16. **MÍNUSBARÐI**
SVARTUR SAUÐUR
17. **FOO FIGHTERS**
DOA
18. **BLOODHOUND GANG**
FOXTROT UNIFORM CHARLIE KILO
19. **COLDPLAY**
FIX YOU
20. **GORILLAZ**
DARE

KÓPAL Glitra

Ýrist lítið

Linda Porvaldsdóttir málarí:
„Einfaldlega besta málingin sem ég hef notað.“

Að ýrast – að sleiftast úr rúllunni.

ÁRNÍ

ÁSTARFLEYIÐ
FIMMUDAGA KL. 21:00

FYLGSTU MEÐ!

Kópal Glitra þekur betur, ýrist sama og ekkert og er svo til lyktaflaus. Spurðu um **KÓPAL**.

Útsöluastaðir Málingar: Byko Kópavogi • Byko Hringbraut • Litaver Grensásvegi • Byko Hafnarfirði • Málingarbuðin Akranesi Byko Akranesi • Axel Þórarinnsson, málarameistari, Borgarnesi • Verslunin Hamrar, Grundarfirði • Litabuðin Ólafsvík Núpur byggingarvöruslun Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson, málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkrúki Byko Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • Byko Reyðarfirði • Verslunin Vík, Neskaupstað • Byko Selfossi Místöðin Vestmannaeyjum • Byko Keflavík • Rúnar Sig. Sigurjónsson, málarameistari, Grindavík

máling
-það segir sig sjálf-

Hin þögla skömm

Um þessa helgi stendur yfir 12 spora kvennarådörfefna í Félagsheimili Seltjarnarness sem opin er öllum konum. Tvær bandarískar konur eru fyrirlesarar á ráðstefnunni og deila reynslu sinni af því að nota 12 spora kerfið til að sigrast á áfengisbólinu. Anna Margrét Björnsson hittir aðra þeirra, sem kys að kalla sig bara Polly, og hlustaði á reynslusögu hennar.

Áfengissýki kvenna er algengari vandamál en okkur grunar. Konur sem eru alkohólístar eru langt frá því að vera bara rónarnir á götunni. Þær eru oft konur í góðum stöðum, mæður og eiginkonur sem oft tekst að fela alkohólísmann árum saman. En að þeim tíma lönnum hefur sjúkdómurinn náð að eyðileggja margar sálir.

„Ég smakkaði áfengi fyrst þegar ég var ellefu ára,“ útskýrir Polly hispurslaust. Hún er fallett eldri kona frá Washington-fylki, grónn og brosmild með silfurgrátt háár. „Var bara að fíkta eins og svo margir krakkar. Fyrir flestum er þetta bara fíkt. Hjá mér opnast alveg nýr heimur. Um leið og þessi fyrsti sopi hafði niðri niður hálsinn á mér fann ég að ég breyttist. Fannst ég mikilvægari,

valdameiri, skemmtilegri. Og það er akkúrat munurinn á alkohólísum og venjulegu fólki sem smakkar áfengi. Við þurfum bara einn sopa og þá hættum við aldrei.“ Polly er óvirkur alkohólísti og hefur ekki drukkið í 28 ár. „Ég var ekki róni, ég var bara alkohólísk húsmóðir. Maðurinn minn var í hernum og ég lifði í fremur lokuðu samfélagi. Ég drakk aldrei á börnum eða skemmtistöðum. Ég drakk bara heima hjá mér og varð óháef móðir. Litlu strákarnir mínir tveir áttu enga móður á þessum tíma. Ég gat hvorki komið þeim á fætur á morgnana, né í háttinn á kvöldin. Á þessu tímabili stóð ég ekki í skilnaði, átti ekki við önnur persónuleg vandamál að stríða, ég var bara venjuleg kona sem drakk á heimili sínu. Ég lenti aldrei í beinu veseni út af áfengi, var ekki

spennandi alkohólísti. Lenti ekki í fangelsi eða slagsmálum eða á götunni. Flest okkur áfengissjúklinga erum þannig. Við höldum þessu innan veggja heimilisins.“ En hversu lengi getur sú blekking haldið áfram? „Ég var að vinna sem fasteignasali þegar ég hætti fyrir alvöru að drekka. Mér hafði gengið vel í starfi í byrjun, en eftir því sem drykkjan jókst fór ég að mæta verr og verr til vinnu og skilaði ekki mínu. Ég var ekki að fúnkera á neinu sviði. Drykkjan hafði heltekið allt líf mitt. Það sem gerist með áfengissjúkling þegar hann hættir að drekka er einhver andleg upplifun. Þetta gerist á einu augabragði. En þá þurfum við að hafa náð sögulegum, hryllilegum botni. Þá kemur vendipunktur í lífi þínu. Þegar þú getur horfst í augu við sjálfa þig og ákveður að gera eitthvað í málinu. En þú verður sjálf að ákveða að biðja um hjálpinu.“

Börnin eru fórnarlömb

„Ég varð laus við áfengi þegar ég var 36 ára gömul, eftir að ég var búin að fara í þrjár meðferðir,“ segir Polly stolt. „Ég hef ekki drukkið dropa síðan. Mig langar



einnmitt til þess að koma því áleiðis til fólks, að maður þarf ekki nauðsynlega að fara í meðferð. Seinni eiginmaðurinn minn hefur ekki drukkið í 30 ár og hefur aldrei farið í meðferð. Strákurinn minn hefur ekki drukkið í 20 ár og hefur aldrei farið í meðferð. Þetta er eitthvað sem maður getur gert með styrk frá samtöðum eins og AA og skrefunum tólf.“ Ég spyr hana út í drykkju sonarins. „Já, eins og þú sérð er þetta mjög stórt gen, áfengisgenið. Samt voru foreldrar mínir ekki áfengissjúklingar – en genið hefur leynst einhvers staðar í ættinni. Hinn strákurinn minn á svo við mjög alvarleg geðræn vandamál að stríða.“

Hún þagnar og bætir svo við: „Þetta er hræðilegur, hræðilegur uppvöxtur hjá börnunum sem alast upp hjá alkohólístum. Mæður sem drekka svona mikið eiga til að koma ekki að sækja barnið í skólann, mæta ekki á skólaupptökur, hafa enga þolinmæði til að tala við barnið. Þær óskra í sífellu á börnin, þau fara í taugarnar á þeim. Áfengi gerir þær líka einstaklega hvektar. Það er ekki tími fyrir neitt nema drykkjunu. Börnin vilja ekki koma með skólafélaga heim af ötta við hvernig ástandi mamma er í. Þau læra að fela þetta og ljúga til þess að enginn komist að skömminni heima. Það er mjög auðvelt að sjá hvaða börn í skólabeck eru börn alkohólísta. Þau vilja lítið umgangast skólasystkini sín, eru þögul og vilja ekki tala um eigin hagi. Þau lenda oft í þeim aðstæðum að fara að nota

lygina á öðrum sviðum líka. Þegar einn einstaklingur er sjúkur heima fyrir, eittrar það út frá sér og allt heimilisumhverfið verður sjúkt.“

Er meiri skömm fyrir konur að drekka heldur en karla?

„Vafalaust. Konur sem drekka fá oft annan stimpil á sig líka – ef þær drekka á almannaferi eru þær stimplaðar lauslátar, ókvenlegar. Svo stríðir þetta gegn móðurhlutverkinu. Við erum í þessu umhyggjuhlutverki. Áfengi tekur þetta frá okkur. Eðlishvöt móðurinnar er drepin af áfenginu. Karlar eru líka oftast öðruvísi alkohólístar en konur. Þeir eru háværari, líkamlegri. Konur fela þetta betur. Menn hata það sem þeir hafa gert undir áhrifum áfengis, en konur hata þá manneskju sem áfengi hefur breytt þeim í.“

Ég spyr Polly um líkamleg áhrif drykkju á konur. Getu þær drukkið jafnmikið og karlmennt? „Nei, þær torga ekki jafnmiklu áfengismagni, en þetta er mismunandi eftir fólki. Eyðileggingaráhrifin á líkamann eru þau sömu. Ég hef sem betur fer verið svo ótrúlega heppin að hafa sloppið við lífraskemmdir og aðra fylgikvilla alkohólísmans.“

Það hefur aldrei neitt aftrað alkohólísta að ná sér í áfengi

Ég spyr Polly hvort hún þekki til íslenskra drykkjuhefða – þar sem algengt er að drekka einungis um helgar – og þá ótæpilega. „Mér finnst þær frekar algengar, þetta á ekkert bara við um Ísland.“

NAVISION
SMALL BUSINESS
Fjárfesting til framtíðar

Þú þarft að þekkja eigin rekstur til að geta keppt við aðra

Navision Small Business er öflugur viðskiptahugbúnaður sem heldur utan um allar viðskipta- og fjárhagsupplýsingar fyrirtækisins og gefur þér skjótan aðgang að öllu sem þú þarft að vita til þess að hámarka framlegð og ná fram hagræðingu í rekstri.

- Fjárhagsgrunnur
- Fjárhagsbókhald
- Viðskiptamenn
- Sölureikningar
- Lánardrottinn
- Birgðir

Verð frá kr. 130.900*

Hringdu núna í síma 545-3200

10 góðar ástæður fyrir því að þú ættir að velja **NAVISION SMALL BUSINESS**

- ✓ Einfalt og þægilegt viðmót
- ✓ Einföld uppsetning
- ✓ Íslenskar handbækur
- ✓ Staðlaðir bókhaldslyklar
- ✓ Miklir stækkunarmöguleikar
- ✓ Tenging við aðrar lausnir
- ✓ Fjöldi viðbótarlausna
- ✓ Microsoft samhæft
- ✓ Aðgangur að þjónustuborði
- ✓ Fjöldi námskeiða í boði

| Dæmi um viðbótarlausnir | Verð |
|-------------------------|----------|
| - Hver aukantandi | 64.000,- |
| - Launakerfi | 40.000,- |
| - Innheimtukerfi | 40.000,- |
| - Verkbókhald | 40.000,- |

Öll verð eru án vsk. *Verð miðast við einn notanda

Maritech er eitt stærsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins með skrifstofur í Kópavogi og á Akureyri. Hjá okkur starfar stór hópur vel menntaðra sérfræðinga sem notar upplýsingateknina til þess að hjálpa þér að ná betri árangri. Maritech hefur þróað fjölda viðbóta við Navision viðskiptahugbúnaðinn sem eru lagaðar að þörfum íslenskra fyrirtækja.

maritech

Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur
sími 545 3200, fax 545 3201
sala@maritech.is

Skipagötu 18, 600 Akureyri
sími 545 3500, fax 545 3501
akureyri@maritech.is

Microsoft
GOLD CERTIFIED
Partner

www.maritech.is

Hefur þú stjórn á drykkjunni?

1. Kaupir þú áfengi á mismunandi stöðum svo aðrir átti sig ekki á því hvað þú kaupir mikið magn?
2. Felur þú tómar flöskur og hendir þeim þegar enginn sér til?
3. Ákveður þú fyrirfram að „verðlauna“ sjálfa þig með glasi þegar þú ert búin að vera sérstaklega dugleg?
4. Lætur þú of mikið eftir börnunum þínum vegna þess að þú ert með samviskubít frá síðasta fylleríu?
5. Færðu „blackout“ tímabil, þannig að þú manst ekkert?
6. Hringir þú í fólk til að biðja afsökunar á framferð þínu og til að spyrja hvort þú hafir sært eða móðgað einhvern?
7. Færðu þér eitt eða tvö glös áður en þú ferð í veislu þegar þú veist að áfengi verður þar á boðstólum?
8. Finnst þér þú vera fyndnari og fallett þegar þú ert undir áhrifum?
9. Líður þér illa þá daga sem ekkert vín er í boði, eins og á jólum, páskaum eða í fjölskylduböðum?
10. Byrðu til aðstæður til að fá þér í glas, býður vinnu og kunningjum í hádegisverð, hanastél eða kvöldverð?
11. Forðast þú að horfa á bíómýndir, sjónvarpsþætti eða lesa greinar um drykkjuvandamál þegar aðrir sjá til?
12. Gengur þú með áfengi í veskinu?
13. Snýst þú til varnar ef einhver minnst á áfengisvanda þinn?
14. Færðu þér einn þegar þú ert undir álagi eða eftir rífrildi?
15. Keyrir þú bíl eftir að hafa smakkað áfengi og finnst þér þú hafa fullkomna stjórn á ökutækjunni?

Ef þú svarar helming spurninganna eða meira játandi, átt þú líklega við áfengisvanda að stríða.

Tekið af vef AA samtakanna á Íslandi.

Fólk getur líka verið alkohólistar þó að það drekki bara um helgar. Það endar þá oft á þann veg að fólk getur ekki haldið vikuna út án þess að drekka neitt heldur. En þetta snýst ekki bara um að drekka áfengi. Tökum sem dæmi okkur tvær. Þú gætir eflaust drukkið jafnmikið og ég á einu kvöldi. Svo myndir þú hætta. Ekki ég. Ég hætti aldrei. Það er munur á drykkjumanni og áfengissjúklingi. Drykkjumaður getur hætt að drekka, ef eitthvað kemur í staðinn. Til dæmis ef hann er beðinn um að hætta að drekka af eiginkonunni, þá getur hann það.

Alkohólistinn lofar öllu fögru, en hættir aldrei. Fíknin er ofar öllu. Ég var umkringd fólk í gamla daga sem hafði gaman af að smakka áfengi. En það hafði stjórn á því, og var ekki alkohólistar. Það er munur þarna á.

Ég útskýri fyrir Polly að á Íslandi séu fremur ströng áfengis- lög og að áfengi sé einungis selt í ríkisbúðum, en ekki í matvöru- búðum. Hvað finnst henni um þetta sem aðferð til að sporna við áfengissýki? „Sem meðlimur í AA samtökunum vil ég ekki hafa neina skoðun á þessu,“ segir

hún og hlær. „En það hefur aldrei neitt aftrað alkohólista að ná sér í áfengi. Ég var sjálf farin að þefa þetta uppi – drakk allt sem ég fann. Hóstaft, spíra, hvað sem er.“

Hvað vælið þið sérstaklega að tala um á ráðstefnunni um helgina?

„Um helgina ætlum við að skoða ofbeldi og áfengi. Þá erum við að tala um ofbeldi í líkamlegu og andlegu sambengi. Það sem gerist svo oft með börn alkohólista er að þau lenda í þessum vífahring – að beita börnin sín sama ofbeldi. Þetta er bara eðlishvöt – að mæta ofbeldi með ofbeldi. Mörg okkar koma frá erfiðri barnæsku. En af einhverjum ástæðum eru alkohólistar einstaklega viðkvæmt fólk. Svona barnæska virðist snerta okkur meir. Og auðvitað er það alveg eins farið með eiturlyfja- sjúklinga. Við förum yfir skrefin tólf sem hjálpa okkur daglega við það að halda okkur frá áfenginu. Án þessara tólf skrefa erum við fólk án allrar vonar – fólk sem situr í ræsinu. Það sem skiptir mestu máli í öllu ferlinu er að vera aldrei fórnarlamb, ekki sjálfs sín, ekki annarra. Maður þarf alltaf að taka ábyrgð á eigin verkum, og hugsa um andlega líðan sína. Þetta er ekki spurning um að vera trúður endilega, en vissulega er þetta visst andlegt heilunarferli. Áfengissýki er sjúkdómur, sjúkdómur sem eins og geðsjúkdómur hafa vissa skömm á sér.“

En hvernig er hægt að bæta upp börnum æsku í skugga áfengis? Er það hægt?

„Vertu hreinskilin við þau, þó að þau séu ung. Segðu þeim hvað gerðist. Segðu þeim að mamma hafi drukkið of mikið, verið veik, hvað henni þykir þetta miður. Það tekur heila lífstíð að græða svona sár, en því fyrr sem þú byrjar, því betra.“ annabjornsson@frettabladid.is

Frekari upplýsingar á kvennarads-
tefna12spor@yahoo.com



NISSAN PATHFINDER



SKIPT_um landslag



ÆVINTÝRIN ERU ENN AÐ GERAST

Lúxusjeppi á vetrardekkjum, sjálfskiptur,
7 manna, cruise control og allur pakkinn.

Pathfinder SE

Verðtilboð 4.290.000.-

44.619.- á mánuði*

32" dekk fylgja með!

Rekstrarleiga með þjónustu í 36 mán.

79.229.- á mánuði*

m.v. 20.000 km akstur á ári

*Lýsing 30% útborgun og
eftirstöðvar í 84 mánuði.



Ingvar Helgason

Saevarhóla 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

SONY

Risapakki heim til þín



KLV27HR3S
SONY 27" LCD SJÓNVARP

- 27" LCD sjónvarp
- 1280x720 pixel upplausn
- High Definition Ready
- Stíllanlegur borðfótur

159.950 krónur

Skýrari mynd en þú átt að venjast
...og aðeins 1 fjarstýring fyrir öll tækin.



DAVDZ100
SONY HEIMABÍÓ DAVDZ100

- 720 Wótt
- Fjölkerta
- Spilar VCD/S-VCD/MP3/JPEG/Divx
- Dolby Digital, DTS og PLII
- Fjarstýring sem virkar fyrir sjónvarpið

39.950 krónur

Heildarpakkinn!
13.329 kr.
á mánuði* í 12 mánuði
eða 159.950 krónur staðgreitt.

Listaverð 199.950

like.no.other™

Sony Center

Kringlunni

588-7669 / 588-SONY

www.sonycenter.is

*Miðað við 12 vaxtaúslausar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

Fótboltavefurinn
GRASIS

100% BEINNI

I BÓÐI GRASIS MANCHESTER UNITED - CHELSEA

SMS LEIÐUR

GRASIS BYÐUR ÞÉR OG VINI ÞÍNUM TIL AÐ SJA MANCHESTER UTD. - CHELSEA 6.NÓV. Á OLD TRAFFORD


SENDU SMS SKEYTIÐ JA CMF Á NÚMÉRIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ.

VIÐ SENDUM ÞÉR 2 SPURNINGAR, ÞÚ SVARAR MEÐ ÞVI AÐ SENDA SMS SKEYTIÐ JA A, B EGA C Á NÚMÉRIÐ 1900.

I BÓÐI ER:
 » FERÐ FYRIR 2 A MANCHESTER UTD. - CHELSEA*
 » PLAYSTATION TÖLVUR
 » PÁÐ EVOLUTION SOCCER
 » FOOTBALL MANAGER 2006
 » L. JÓSATIMAR FRA LINDARSÖL
 » FULLT AF TÖLVULEIKJUM
 » KIPPUR AF EOGA COLA OG MARST FLEIRA.

Fardu á leikinn eða spilaðu hann!

*FERÐIN Á LEIKINN ER DREGINN ÚR ÖLLUM INNSENDUM SMS SKEYTUM OG NAFN VINNINGSHÁFA VERÐUR BIRT Á WWW.GRASIS.J 2.NÓV 2005. VINNINGAR VERÐA AFHENDIR HJÁ BT SMÁRÁLIND. KÖPAVOGI, MEÐ ÞVI AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB. 99 KR/SKEYTIÐ



ÁRNI

ÁSTARFLEYIÐ
FIMMTUDAGA KL. 21:00

FYLGSTU MEÐ! SÍRKAUS

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Það er gott að láta sig dreyma

TÓNLIST
[UMSÖGN]

Ég held að það sé óhætt að fullyrða að þessi ungi maður sé undir nokkrum áhrifum frá íslensku krúttunum í Sigur Rós og múm. Khonnor er vist rétt undir títugum og býr til metnaðarfulla svefnherbergis-tónlist. Þá á ég ekki við að tónlist hans sé sérstaklega vel til þess fallin að hlusta á í svefnherberginu, heldur að hún sé saminn og hjóðrútuð þar.



KHONNOR
Handwriting

Khonnor leikur einhvers konar sveim-rokk og minnir á köflum þónokkuð á bre-skú sveitina Slowdive, sem hljóta að teljast fyrirrennarar Sigur Rósar. Sérstaklega vegna þess að söngurinn er stundum svo aftarlega í blöndunni að ómögulegt er að heyrja hvað er verið að syngja. Mistök sem eru ótrúlega algeng hjá ungunum listamönnum. Þessi tónlist er óvenju sjálfhverf, líklegast saminn á gítar og hjóðtærum og tölvuhljóðum hlaðið utan á. Gítarleikurinn minnir stundum á Joy Division eða The Cure. Tónlistin sjálf er þó öllu meira dreymandi en þær sveitir, og ég gæti hæglega séð þetta fyrir mér í kvikmyndum eða einhverju slíku. Það er svo líka hæglega hægt að finna tengingu við þýsku gæða-sveitina The Notwist, sérstaklega í einu besta lagi plötunnar A Little Secret. Hann Khonnor lítli virðist nefnilega hafa gott eyra fyrir melódíu, þó svo að hann sé stundum

Niðurstaða: Khonnor er ungur svefnherbergisdillari sem hefur með frumraun sinni náð að beina athygli grúskara aftur að sveimrokk. Djúpstæð og falleg tónlist sem festist í undir-meðvitundinni.

feiminn við að láta heyrja í söngroddinni. Sum lög eru án söngs og það fer tónlistinni eiginlega bara betur.

Khonnor hefur tekist að gera magnaða frumraun. Tónlist sem á heima einhvers staðar á milli svefns og vöku. Á þessum augnablikum þegar maður er lagstur í rúmið eftir viðburðamikinn dag, biðandi eftir því að svefninn breiði arma sína utan um mann. Ótrúlega fallett og metnaðarfullt verk.

Birgir Örn Steinarsson

VERÐLAUNAKROSSGÁTAN NR. 29

| | | | | | | | | | | | | | | |
|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|
| | 1 | 2 | 3 | 4 | | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 3 | 10 | 8 | |
| 11 | | 7 | | 12 | | 10 | | 13 | | 8 | | 14 | | 5 |
| 12 | 15 | 4 | 12 | 16 | | 17 | 8 | 10 | 14 | 7 | 15 | 18 | 3 | 10 |
| 19 | | 17 | | 10 | 3 | 20 | | 15 | | 10 | | 4 | | 4 |
| 15 | 10 | 21 | 4 | | | 22 | 20 | 20 | 10 | | 5 | 10 | 5 | 15 |
| 9 | | 8 | | 23 | 6 | 8 | 8 | | 15 | | 10 | | | |
| 3 | 6 | 12 | 7 | 10 | | | 24 | | 2 | 8 | 17 | 10 | 4 | 7 |
| 16 | | 3 | | 15 | 21 | 16 | 4 | 9 | 19 | 10 | | 14 | | 18 |
| 12 | 3 | 3 | 7 | 10 | 17 | | 12 | | | 7 | 25 | 7 | 6 | 11 |
| | | | | 13 | | 9 | | 15 | 25 | 19 | 10 | | 9 | 10 |
| 10 | 14 | 11 | 26 | | 8 | 10 | 15 | 15 | | | 5 | 8 | 12 | 11 |
| 3 | | 10 | | 27 | | 17 | | 28 | 7 | 10 | | 15 | | 29 |
| 4 | 15 | 13 | 25 | 23 | 16 | 10 | 4 | 7 | | 4 | 17 | 13 | 25 | 15 |
| 12 | | 25 | | 29 | | 8 | | 7 | | 3 | | 25 | | 10 |
| | 1 | 8 | 25 | 4 | 6 | 3 | 7 | 10 | | 10 | 9 | 4 | 10 | |

A Á B D E É F G H I J K L M N O Ó P R S T U Ú V X Y Ý Þ Æ Ö

allt tilboð

Alla föstudaga

SMS-GÁTAN:
Hvað veist þú um Depeche Mode?

Merktu við rétt svör. Stafirnir fyrir framan hvertrétt svar mynda lausnarorð sem þú sendir í þjónustunúmerið 1900.

Ef lausnarorðið er þáfinn, þú sendir skeytið JA MYND PAFINN í þjónustunúmerið 1900.

Leystu gátuna! Þú gætir unnið diskinn Playing the Angel með Depeche Mode!

Hvaða ár var Depeche Mode stofnuð?
k) 1990 m) 1980 g) 2000

Hvað heitir söngvarinn í sveitinni?
o) David Sahan j) David Bahan u) David Gahan

Hvað heitir fyrsta plata sveitarinnar?
s) Speak and spell e) Speak and yell R) Speak and tell

Hvað eru meðlimir Depeche Mode margir?
L) 3 n) 7 í) 5

Áhrifavaldur hljómsveitarinnar er meðal annars:
a) Snoop Doggy Dogg c) Roxy Music f) Britney Spears

SMS skeytið kostar 99 krónur.

Í sunnudagskrossgátu Fréttablaðsins eru gefnir 4 bókstafir sem á að færa í númeraða reiti. Í dag er L til dæmis í reit merktum 15 og fer þá L í alla aðra reiti með því númeri. A er í reit númer 10 og fer í alla aðra reiti gátunnar númer 10 o.s.frv. Til þess að leysa gátuna þarf að finna út hvaða bókstafir eiga að standa í auðu reitunum (bókstafirnir c, z, q og w eru ekki notaðir). Þegar því verkefni er lokið er hægt að finna lausnarorð gátunnar, sem er í þetta sinn karlmannsnafn*

Lausnarorð

5 6 8 16 9 8

Lausnarorðið er hægt að senda inn með SMS-skeyti á númerið 1900. Dæmi um hvernig SMS gæti lítið út ef lausnarorðið væri Jón: þá sendir þú SMS sem segir: JA LAUSN JON í númer 1900.

*Ráðning gátunnar birtist í blaðinu eftir tvær vikur.

Dregið verður næstkomandi fimmtudag kl. 12. SMS-skeytið kostar 99 krónur

Lausn nr. 27



Leystu krossgátuna! Þú gætir unnið stórmýndina Kingdom of Heaven!

SMS skeytið kostar 99 krónur.

| | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| I | S | M | I | S | A | L | T | V | A | T | N | | |
| Ö | A | Þ | É | A | I | V | S | | | | | | |
| L | I | N | U | R | R | A | U | N | G | R | E | I | N |
| D | M | A | F | L | S | T | N | U | | | | | |
| U | T | A | N | Y | S | T | A | S | N | I | Ð | | |
| R | R | H | Ú | F | A | S | K | | | | | | |
| H | V | I | S | L | F | I | K | O | R | N | I | | |
| Ú | N | Í | L | A | N | G | U | R | E | N | | | |
| S | T | Ó | R | F | É | A | I | M | Y | N | D | | |
| K | Ó | N | R | I | S | A | K | L | | | | | |
| T | I | M | A | S | V | I | Ð | S | K | Ó | A | | |
| Ú | J | A | I | N | I | Ú | V | N | | | | | |
| B | R | A | G | Ð | S | K | Y | N | G | J | A | L | D |
| A | K | A | U | Á | L | R | S | | | | | | |
| V | A | T | N | S | R | Ú | M | A | U | S | A | | |



| | | |
|-------------|--------|----------|
| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
| REYKJAVÍK | 9.04 | 13.11 |
| AKUREYRI | 8.58 | 12.56 |
| | | 16.53 |

Heimild: Almanak Háskólans



Viðurkenningar í tilefni af vinnuverndarviku.

Bátabúllan Nonnabíti í Hafnarstræti hefur verið starfrækt í 12 ár.

BLS. 2 | BLS. 8

allt - atvinna

FRÉTTABLAÐIÐ

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR?

MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

Góðan dag!

Í dag er sunnudagur 30. október, 303. dagur ársins, 2005.

STÖRF Í BÖÐI

- Lögfræðingar
- Sölufolk
- Kennarar
- Sálfræðingur
- Vélaverkfræðingur
- Sjúkraliði
- Leikskólakennarar
- Flokkstjóri
- Þjónustufulltrúi
- Sjúkraliðar
- Afgreiðslumaður
- Vélavíðgerðarmaður
- Lyfjapökkun
- Varla og viðskiptaumsjón
- Flísamenn
- Gæðaúttektarmaður
- Bílstjórar
- Öryggisverðir
- Sölufulltrúar
- Blaðamaður
- Smiðir
- Múrarak
- Lagerstarfsmaður
- Hjúkrunarfræðingur
- Hárgreiðslunemar



Alice Martins er skólaliði í Austurbæjarskóla.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Finnst gaman að leika við krakka

Alice Martins er skólaliði í Austurbæjarskóla. Hún kemur frá Portúgal en hefur búið á Íslandi í 18 ár og líkar vel að vinna innan um börn.

Alice segir að skólaliðar geri margt. „Við þömsum til dæmis krakkana í frímínúturnum. Við hjálpum þeim að klæða sig í áður en þeir fara út og förum með þeim í leiki. Svo hjálpum við þeim ef eitthvað kemur fyrir og stundum eru einhverjir að slást og þá þarf að stoppa það.“ Alice segir að það séu frímínúturnar tvisvar sinnum á dag og þess á milli fylgist skólaliðarnir með á göngunum. „Krákkarnir þurfa oft aðstoð á göngunum og það getur ýmislegt gerst þar. Þeir detta líka og meiða sig inni og þá hjálpum við þeim.“ Eftir að börnin eru búin í skólanum sjá skólaliðarnir svo um að þrifa skólann. „Við gerum það bara

þegar krakkarnir eru farnir heim,“ segir Alice.

Alice hefur ekki verið skólaliði í Austurbæjarskóla lengi en hún hefur hins vegar mikla reynslu af því að vinna innan um börn. „Ég hef líka unnið á leikskóla hérna á Íslandi og svo hef ég unnið með krökkum í Portúgal. Mér finnst mjög gaman að vinna innan um krakka,“ segir hún. Alice viðurkennir þó að börnin hlýði ekki alltaf öllu. „Stundum þurfum við að fara með einhvern inn og tala við kennarann en oftast er hægt að róa þá sem eru með læti með því að tala rólega við þá.“

Alice segir að það sem henni finnst skemmtilegast við starfið sé að vera með krökkunum. „Það er mjög skemmtilegt að leika við krakka og tala við krakka.“

emilla@frettabladid.is

LIGGUR Í LOFTINU

[ATVINNA]



og komst meðal annars að því að starfsfólkið telur sig ekki hafa nægilega þekkingu og kunnáttu til að mæta þörfum barna fyrir sérkennslu þrátt fyrir að mikill vilji sé fyrir hendi.

Mannekla í leikskólum er enn mikil. Fyrir viku átti enn eftir að manna 72 stöðugildi í borginni einni saman, þar af 60 stöðugildi leikskólakennara, 3,5 stöðugildi í sérkennslu og 2,5 stöðugildi deildarstjóra. Þá beið 71 barn eftir pláss, sem er lækkun um 15 börn frá því fyrir þremur vikum.

Úttekt á sérkennslu í leikskólum hefur verið gerð. Leikskólakennarinn Arnís Bjarnadóttir kannaði sex leikskóla

Um 50.000 konur lögðu niður störf kl. 14.08 á mánudag. Með því tókst þeim að lama að verulegu leyti helstu fyrirtæki landsins og vekja athygli á launamisrétti.



atvinna@frettabladid.is

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is



Blaðamaður

Öflug félagasamtök á Reykjavíkursvæðinu óska eftir að ráða blaðamann í fullt starf. Hlutastarf kemur einnig til greina.

- **Starfið** felst einkum í ritun fréttanna og fréttaskýringa sem birtast í fréttablaði samtakanna og á vef þeirra.
- **Leitað er að** einstaklingi sem hefur umtalsverða reynslu af starfi á fjölmiðlum.
- Hann verður að hafa haldgóða þekkingu á íslensku þjóðfélagi og íslensku atvinnulífi.
- Hann þarf að vera fær um að vinna sjálfstætt undir álagi og vera fær um að skrifa gott, íslenskt mál.
- Það er kostur ef viðkomandi getur þýtt greinar upp úr dönskum og/eða norskum blöðum.
- **EKKI** er gerð krafa um kunnáttu í umbroti- og myndvinnsluforritum en vissulega væri það til bóta ef viðkomandi gæti tekið til hendinni á þeim sviðum.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 4. nóvember nk. Númer starfs er 4929.

Upplýsingar veita Þórir Þorvarðarson og Ari Eyberg. Netföng: thorir@hagvangur.is og ari@hagvangur.is



- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700
Bréfasími 520 4701 • www.hagvangur.is



Við erum að leita að starfsfólki

... sem býr yfir framúrskarandi þjónustulund, er jákvætt, sýnir frumkvæði, tekur ábyrgð á starfi sínu og leitar bestu lausna fyrir viðskiptavinum!



Leitar eftir starfsfólki í fullt starf sem og hlutastarf, bæði í Laugum og Spöng. Um vaktavinnu er að ræða.

Umsjón með ráðningu Berglind Hreiðarsdóttir bergling@worldclass.is



Leitar að starfsfólki í fullt starf sem og hluta starf. Um vaktavinnu er að ræða.

Umsjón með ráðningu Logi Liljendal Hilmarsson logi@worldclass.is



Leitar að starfsfólki í fullt starf í afgreiðslu. Viðkomandi þarf að hafa söluhæfileika. Um er að ræða vaktavinnu og er unnið aðra vikuna frá 09:00 til 17:00 og hina vikuna frá 13:00 til 21:00 sem og annan hvern laugardag.

Umsjón með ráðningu Hafdís Jónsdóttir disa@worldclass.is

Umsóknir þurfa að berast skriflega til viðkomandi ráðningaraðila, einnig er hægt að fylla út umsókn á heimasíðu okkar www.worldclass.is

Í Laugum eru starfrækt fimm fyrirtæki. Fjöldi gesta í Laugum er um 2000 daglega svo um líflegan vinnustað er að ræða.



Dregið af launum vegna kvennafrídags

Góð þátttaka kvenna í kröfugöngu og háttíðahöldum á kvennafrídaginn 24. október sýnir að flestir atvinnurekendur eru tilbúnir til að leggja sitt af mörkum til jafnréttis kynjanna á vinnumarkaði.

Athygli vekur þó að nokkur fyrirtæki tóku illa í þá ósk starfsmanna að leggja niður störf hluta úr degi til að þeir gætu sýnt hug sinn í verki. Þetta kemur fram á heimasíðu Verzlunarmannafélags Reykjavíkur. Hjá VR er kunnugt um að nokkur fyrirtæki hafi hafnað ósk starfsmanna um að fá að taka þátt í kröfugöngunni eða til-

kynnt að dregið yrði af launum starfsmanna sem legðu niður störf á kvennafrídaginn þann tíma sem þeir væru fjarverandi. Á heimasíðunni lýsa aðstandendur VR vonbrigðum sínum með þau fyrirtæki sem ekki gáfu starfsfólki sínu fri til að taka þátt í kröfugöngu þar sem barist var fyrir sjálfsögðum mannréttindum og jafnrétti kynjanna.

VR vill enn fremur hvetja fyrirtæki til að draga ekki laun af starfsfólki sem tók þátt í kvennafrídegnum. Félagsmenn VR sem tóku þátt í deginum og fá ekki laun greidd þess vegna eru hvattir til að láta VR vita svo að félagið geti metið umfang þess og fái að vita um hvaða fyrirtæki er að ræða. ■



Vinnuettirlitið veitti fimm fyrirtækjum viðurkenningu fyrir að draga úr hljóðmengun í vinnurýmum.



Viðurkenningar í tilefni vinnuverndarviku

Í tilefni evrópsku vinnuverndarvinnunnar veitti Vinnuettirlitið fimm fyrirtækjum viðurkenningar fyrir gott starf og góðar lausnir sem miðuðu að því að draga úr hávaða og bæta hljóðvist.

Mörg fyrirtæki leggja upp úr því að fyrirbyggja hávaða strax á hönnunarstigi og eins við að bregðast við hávaða þar sem hann er til staðar. Oft eiga starfsmenn það til að setta sig við hávaðann og gleyma því að þeir hafa rétt á góðu umhverfi. Vinnuettirlitinu fannst full ástæða til að vekja launafólk og fyrirtæki til umhugsunar um hávaða á vinnustöðum og í umhverfi.

Vinnuettirlitið veitti fimm fyrirtækjum viðurkenningu til að vekja athygli á því hvernig fyrirtæki geta beitt sér til þess að skapa starfsfólki sínu þægilegra vinnuumhverfi og betri hljóðvist. Þessi fyrirtæki hafa

gert sér ljóst að hávaðavarnir skila sér í ánægðara starfsfólki sem aftur skilar sér í betri starfsanda, heilsu og framlegð.

Fyrirtækin fimm sem hlutu viðurkenningar eru eftirfarandi: Bifreiðaverkstæði Bernhards ehf. fyrir að bæta hljóðvist verulega á bifreiðaverkstæði þar sem hávaði hafði verið vandamál. Á verkstæðinu var dregið úr ótíma með því að hengja hljóðisogsefni í loft. **Hita-veita Suðurnesja** fékk verðlaun fyrir að vinna markvisst að því að dempa hávaða í orkuverum og fyrirbyggjandi ráðstafanir á hönnunarstigi við uppbyggingu nýrra orkuvera. **Leikskólinn Glæðheimar** hlaut viðurkenningu fyrir að virkja starfsfólk og börn á þann hátt að allir starfshættir taki mið af því að draga úr hávaða. Starfsfólk leikskólans hef-



ur tekið virkan þátt í því að leita lausna sem markvisst hefur verið hrint í framkvæmd. **Lundarskóli** fékk viðurkenningu fyrir að bæta hljóðvist í kennslustofum með því að setja upp hljóðkerfi. Röddin er vinnutæki kennarans og er undir miklu álagi við hefðbundnar aðstæður við kennslu. Þessar úrbætur hafa skilað sér í minnkuðu álagi á raddfærin og auknum skilningi nemenda á því sem sagt er og hljóðlátari kennslustofum.

Orkuveita Reykjavíkur fékk viðurkenningu fyrir að gera sérstakar ráðstafanir til að hávaði yrði ekki truflandi þáttur í opnum skrifstofurýmum. Unnið hefur verið markvisst að því að gera hljóðvistina sem besta og tryggja starfsmönnum gott starfsumhverfi. ■

Námskeið á vegum VR

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur stendur fyrir áhugaverðum og gagnlegum námskeiðum allan ársins hring.

Um miðjan október og í nóvember verða kennd námskeið undir yfirskriftinni á vegum VR um hvernig á að semja um laun og önnur starfskjör við vinnuveitendur. Á námskeiðunum verður kynnt samningatækni

um laun, farið yfir atríði sem snúa að undirbúningi fyrir launaviðtal, ýmsa samningsfleti og aðferðir, uppbyggingu frammistöðumats- og umbunarkerfa. Einnig verður farið í hvaða þættir hafa áhrif á laun og hvernig störf eru metin. Námskeiðinu er ætlað til undirbúnings fyrir félagsmenn VR sem, samkvæmt kjarasamningum, eiga rétt á árlegu viðtali við vinnuveitendur um laun og starfskjör. ■



Rannsóknir og nýsköpun

Íslenskir aðilar hafa kost á samvinnu við Evrópulönd á sviði nýsköpunar og rannsókna.

Aðilar sem vinna að rannsóknar- og þróunarverkefnum þekkja nauðsyn þess að hagnýta rannsóknarniðurstöðurnar sem best. Margir leita í þeim tilgangi út fyrir landsteinana og getur samvinna við önnur lönd gefið aukna vídd í rannsóknar- og þróunarferlinu. Rannsakendur eru því minntir á að Impra nýsköpunarmiðstöð aðstoðar íslensk fyrirtæki, stofnanir og háskóla við að komast í samstarf við evrópska aðila á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar. Impra er aðili að IRC netverkinu og getur í gegnum það komið íslenskum aðilum á



framfæri við yfir þriðja tug landa í Evrópu. Síðustu ár eru íslensk fyrirtæki farin að nýta sér þessa þjónustu. ■

Fjögurhundruð og tvö störf á Reyðarfirði

Ráðningarfyrirtækið IMG Mannafli-Liðsauki hefur samið við Alcoa Fjarðarál um að það sjái um ráðningu allra starfsmanna álversins á Reyðarfirði.

Talið er að álverið muni skapa um það bil fjögurhundruð ný störf og mun IMG Mannafli-Liðsauki opna útibú á Reyðarfirði til þess að auðvelda mannráðningar. „Núna erum við að fara að auglýsa eftir verkfræðingum og í framhaldi af því förum við að auglýsa eftir mönnum í framleiðslustörf. Svo vantar verkefnisstjóra sem þurfa að vera með iðnmenntun og góða tölvukunnáttu. Við þurfum líka fólk í notendapjónustu og þar sem krafist er stúdentsprófs auk þess sem þörf verður fyrir mikið af iðnaðarmönnum,“ segir Sigurlaug Þorsteinsdóttir hjá IMG Mannafli-Liðsauka.

Sigurlaug segir að eins og er séu þau bara að ráða einn og einn en reyndar nokkuð þétt. „Það er verið að manna alla stjórnunina,



Sigurlaug Þorsteinsdóttir hjá IMG Mannafli-Liðsauka.

FRÉTABLAÐIÐ/HÁRI

svo förum við að taka einhverja inn í framleiðslustörfin sem yrðu væntanlega einhverskonar leiðtogar þegar framleiðslan færi í gang. Þegar liður á næsta ár fer þeim fjölgandi en framleiðslan á að hefjast vorið 2007 og þá verður búið að ráða þessa fjögurhundruð sem talað er um að ráða,“ segir hún. Sigurlaug segir að við val á umsækjendum verði hæfni látin ráða og Austfirðingar gangi ekki fyrir öðrum umsækjendum. Hún

býst þó við því að hægt verði að manna flestar stöðurnar án þess að flytja þurfi inn vinnuafli. „Það er orðið ljóst nú þegar að einhverjir af þeim sem hafa unnið við byggingu álversins munu sækja um vinnu í því,“ segir hún. Útibú IMG Mannafli-Liðsauka á Reyðarfirði mun opna fljótlega og við það skapast tvö ný störf því að ráðningarfyrirtækið er að auglýsa eftir tveimur starfsmönnum fyrir austan í útibúi. ■



10
ÁRA
1995-2005

Öryggisverðir

Vilt þú vinna við spennandi og ógrandi starf? Þá erum við í Öryggismiðstöðinni með rétta starfð fyrir þig. Öryggismiðstöðin leitar að öflugum liðsmönnum, konum jafnt sem körlum, til að efla enn frekar þjónustu fyrirtækisins.

Hlutverk:

Í boði eru spennandi störf hjá öflugum og framsæknu þjónustufyrirtæki á sviði öryggismála. Störfin felast meðal annars í eftirliti og gæstu hjá fyrirtækjum og einstaklingum á stór-Reykjavíkursvæðinu. Aðstoð við neyðartilfelli (innbrot, stýs og bruna). Gæsla við ýmis konar viðburði, stóra sem smáa (kvikmyndataka, tónleikar o.fl.).

Hæfniskröfur:

Farið er fram á stundvísi, snyrtimennsku, heiðarleika og hreint sakavottorð. Skilyrði er að umsækjendur séu orðnir 20 ára og hafi almenn okúréttindi og séu vel á sig komnir líkamlega og andlega. Öryggismiðstöðin er með breiðan viðskiptahóp í vaktgæslu og getur því sniðð vaktafyrirkomulag að persónulegum þörfum hvers starfsmanns fyrir sig.

Starfsumsókn:

Umsóknir sendast á skrifstofu Öryggismiðstöðvarinnar að Borgartúni 31, 105 Reykjavík eða í tölvupósti á netfangið atvinna@oryggi.is merkt Öryggisvörður. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað. Umsóknarfrestur er til 15. október 2005.



ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN
BORGARTÚNI 31 • Sími 530 2400 • WWW.ÖRYGGI.IS

Öryggis- og aðgangsstýrikerfi • Myndavélakerfi • Brunavarnir
Öryggisgæsla • Heimagæsla • Vöruverndarbúnaður

Lausar stöður á framleiðslusviði Actavis

Actavis leitast eftir að ráða starfsmenn á framleiðslusvið fyrirtækisins. Starfsmenn í framleiðslu fara í gegnum mikla þjálfun og við leitum því að einstaklingum sem geta tileinkað sér nákvæm og sérhæfð vinnubrögð.

Um er að ræða framtíðarstarf í vaktavinnu þar sem unnið er á þrískiptum vöktum allan sólarhringinn. Möguleiki er á aukavinnu samhliða. Umsækjendur þurfa að hafa góða íslenskukunnáttu og eiga að baki samfellda tveggja ára starfsreynslu.

Starf við lyfjapökkun

Helstu verkefni:

- Pökkun á töflum í glös og þynnur
- Þrif á pökkunarvélum og pökkunarsvæði
- Uppgjör á pökkunarefni
- Áfylling á vélar
- Sýnataka og prófanir
- Merkingar á vörum til útlutnings
- Útfyllingar á staðfestingarskjölum

Þekkingar- og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða sambærilegt
- Reynsla og/eða þekking á framleiðslu eða sambærilegum iðnaði kostur

Starf við vélgæslu í lyfjapökkun

Helstu verkefni:

- Sömu verkefni og í lyfjapökkun
- Vélgæslumenn bera að auki ábyrgð á stillingum og breytingum á vélbúnaði á pökkunarlinum

Þekkingar- og hæfniskröfur:

- Iðnmenntun, vélamenntun eða sambærilegt
- Reynsla og/eða þekking á starfsemi flókins vélbúnaðar

Actavis leitast við að ráða starfsfólk sem:

- er metnaðarfullt
- hefur þjónustulund
- er sveigjanlegt
- vinnur vel í hópi
- sýnir frumkvæði
- hefur hagkvæmni að leiðarljósi

Umsóknir óskast fylltar út á www.actavis.is undir Störf í boði fyrir 6. nóv. nk. Kostur ef umsækjendur geta hafið störf sem allra fyrst. Nánari upplýsingar veitir Guðrún Lind Halldórsdóttir, ghalldorsdottir@actavis.is.

Starf við töfluflátt

Starfslýsing:

- Töflufláttur
- Húðun
- Hylkjaáfylling
- Þrif á vélum
- Ýmsar mælingar á framleiðslu
- Útfyllingar á staðfestingarskjölum

Hæfniskröfur:

- Iðnmenntun, vélamenntun eða sambærilegt
- Reynsla og/eða þekking á starfsemi flókins vélbúnaðar

Starf við lyfjablöndun

Helstu verkefni:

- Uppvigtun hráefna
- Blöndun hráefna
- Vökvagerð
- Stilling og vigtarprófanir
- Útfyllingar á staðfestingarskjölum

Hæfniskröfur:

- Iðnmenntun, bakaraíðna eða sambærileg menntun
- Reynsla og/eða þekking á framleiðslu eða sambærilegum iðnaði kostur



Actavis hf. | Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði | s 550 3300 f 550 3301 | @ actavis@actavis.is | w www.actavis.is www.actavis.com

Rekstrarvörur

...vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík



Bilstjóri 544840

- Rekstrarvörur óska eftir að ráða bilstjóra á sendibíl í eigu fyrirtækisins. Leitað er að röskum, traustum, þjónustulundduðum, kurteisum og snyrtilegum einstaklingi, sem vill vinna með góðri líðsheid. Í starfinu felst útkeysla á vörum til fyrirtækja og stofnana ásamt umsjón með sendibíl og öðrum verkefnum sem lagerstjóri felur viðkomandi.

- Vinnutími er frá kl. 07:30 til 17:30 virka daga. Um framtíðarstarf er að ræða. Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega.

- Mötuneyti á staðnum.

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is

vinna.is
ATVINNUMIÐLUN

Lögfræðingur á stjórnarsýslusviði

Stjórnarsýslusvið Siglingastofnunar óskar eftir að ráða lögfræðing til starfa. Á sviðinu starfa 5 manns og þar er m.a. unnið að undirbúningi lagafrumvarpa, reglugerða, innleiðingu EES gerða og alþjóðasamninga á sviði siglinga. Laun eru samkvæmt kjarasamningi lögfræðinga og fjármálaráðherra. Starfsemi fer fram í nýlögum húskynnum á falllegum stað við Vesturvör í Kópavogi. Starfsmenn eru um 60.

Starfs svið:

- Lögfræðistörf

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Lögfræðimenntun
- Reynsla af lögfræðistörfum
- Góð tölvu- og íslenskukunnáttu
- Sjálfstæð vinnubrögð og færni í mannlegum samskiptum



Siglingastofnun er framsækinn þjónustustofnun sem vinnur að öryggi sjófarenda og aukinni hagkvæmni í sjósókn. Með sérfræðisþekkingu og skilvirkri miðlun upplýsinga um málefni hafna og siglinga þjónar Siglingastofnun stjórnvöldum, sjófarendum og útgerðarmönnum. Nánari upplýsingar um starfsemi stofnunarinnar má finna á www.sigling.is.

IMG
MANNAFL
LIÐSAUKI

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@img.is) og Sigrún Yr Árnadóttir (sigrun@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 13. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfð á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

Borgartúni 27
105 Reykjavík
Sími 540 7100
mannafli@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafli.is

Sölufólk á besta aldri

Býrðu yfir söluhæfileikum?

Og Vodafone er ungt fyrirtæki sem veitir einstaklingum, heimilum og fyrirtækjum alhliða fjarskiptapjónustu. Hjá félaginu starfa í dag um 350 starfsmenn.

Og Vodafone hefur náð góðum árangri á stuttum tíma með sterkum og samhentum hópi fólks. Ef þú vilt takast á við spennandi og krefjandi verkefni hjá vaxandi fyrirtæki, þá bjóðum við þig velkomna/velkominn í hópinn. Í boði eru samkeppnishæf laun og gott starfsumhverfi fyrir fólk sem sýnir ábyrgð, metnað og frumkvæði í starfi.

Og Vodafone leitar eftir duglegum einstaklingum með mikla söluhæfileika í úthringisölu og önnur söluverkefni fyrir fyrirtækið.

Við hvetjum fólk á öllum aldri til að sækja um. Við leitum að sölufólki á öllum aldri, þó ekki yngri en 18 ára. Við höfum sérstakan áhuga á virkja reynslu og proska fólks sem á að baki mörg ár á vinnumarkaði.

Vinnutími er sveigjanlegur.

Æskilegt er að viðkomandi sé áhugasamur, ábyrgðarfullur og eigi auðvelt með mannleg samskipti. Gerð er krafa um stundvísi, heiðarleika og jákvæða framkomu.

Umsóknir sendist á hlynure@vodafone.is fyrir 10. nóvember. Nánari upplýsingar veita Hlynur E. Prastarson í síma 66 99 339 og/eða Axel Garðar Hjartarson í síma 66 99 370.

Og Vodafone
Sími 599 9000
www.ogvodafone.is



Alp ehf.

Bilaleigan Budget óskar eftir afgangslumanni í fullt starf í Reykjavík.

Á meðal verkefna eru:

- Þjónusta við fyrirtæki og einstaklinga varðandi leigu á bílum innanlands og erlendis
- Samskipti við erlenda viðskiptavini

Hæfniskröfur:

- Tungumálakunnátta
- Reynsla við þjónustustörf
- Þjónustulund

Umsóknir skulu sendar á ingi@budget.is fyrir 5. nóv.

ALP ehf. er stærsta bilaleiga landsins með einkaleyfi á vörumerkjum Avis og Budget. Undir þessum vörumerkjum eru reknar tvær af stærstu bilaleigum heims. Samtals hafa Avis og Budget fleiri en 6.000 útleigustöðvar og yfir 26 milljónir bíla um allan heim. Frekari upplýsingar um Avis og Budget er hægt að fá á www.avis.is eða www.budget.is.

AVIS

Recognized as one of the world's top brands for customer loyalty

and innovation, the Avis Rent A Car System is the world's second largest general-use car rental brand in the world.

Avis Rent A Car System Inc. rents vehicles to business and leisure travelers through a system of more than 1,700 locations in the United States, Canada, Australia, New Zealand and the Latin American/Caribbean region. Avis has been recognized as a top company by AARP, Fortune magazine and others.

Budget

Budget Rent A Car System Inc. is one of the world's best-known general-use car rental companies

with 1,900 airport, downtown and suburban car rental offices in the U.S., Canada, Latin America, Caribbean, Australia and New Zealand. Together, Avis and Budget serve an even mix of business and leisure travelers and meet the rental needs of local and nationwide businesses.

Laus störf við öryggisgæslu Securitas á Reyðarfirði

Vegna aukinna verkefna bjóðast áhugaverð störf fyrir bæði konur og karla, 20 ára eða eldri. Staðbundin gasla, vaktavinna.

Í boði er:

Um er að ræða störf öryggisvarða, bæði á byggingarvæðinu þar sem Alcoa er að reisa álver og á íbúðasvæði Bechtel á Reyðarfirði.

Hæfniskröfur:

Umsækjendur þurfa að geta axlað ábyrgð, unnið sjálfstætt, vera vel aðgæfir og úrræðagóðir. Áhersla er lögð á áreiðanleika og þjónustulund. Hreint sakavottorð, hlífð og almenn flekklaus ferill eru skilyrði. Einku og pólskumarlendi einstaklingar eru hvattir að sækja um.

Umsóknir:

Nánari upplýsingar veitir Helgi Einarsson í síma 896 2513. Umsækjendur geta skilað inn umsóknunum á þar til atliðum umsóknareyðublöðum á skrifstofu okkar Síðumúla 23 eða sent umsóknir á tölvupósti á helgis@securitas.is.



Við erum til fyrirmyndar!
Samkvæmt árlegri könnun VR meðal starfsfólka 2000 fyrirtækja á Íslandi er Securitas meðal hinna efstu. Að launum hlýtur fyrirtækið viðurkenningu VR og nafnbótina **Fyrirmyndarfyrirtæki 2005**



KÓPAVOGSBÆR

LAUS STÖRF

Félagsþjónusta:

- Aðstoð við heimilisstörf
- Félagsleg heimaþjónusta
- Félagsráðgjafi hjá fjölskyldudeild
- Félagsráðgjafi í barnaverndarvinnu
- Starf með fötludóm dreng

Íþróttamiðstöðin Versalir:

- Helgarvinna baðv/afgr. karla og kvenna
- Hlutastarf baðvarsla kvenna

Sundlaug Kópavogs:

- Laugarvarsla/baðvarsla kvenna 80%

GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

Digranesskóli:

- Stuðningsfulltrúi tímab.hlutast.
- Gangav/ræstir

Hjallaskóli:

- Tölvu og upplýsingatækni st.k.
- Forfallakennari

Kársnesskóli:

- Íþróttakennari, 16 st. á viku
- Forfallakennari
- Dægradvöl

Kópavogsskóli:

- Forfallakennari

Kópavogsskóli íþróttahús:

- Baðvarsla kvenna

Lindaskóli:

- Gangavörður/ræstir

Salaskóli:

- Dægradvöl 20-50%
- Heimilisfræðikennari 100% v/forfalla

Smáraskóli:

- Stuðningsfulltrúi 50%

Nánari upplýsingar á:
www.kopavogur.is
og www.job.is



Blaðamaður

Öflug félagasamtök á Reykjavíkursvæðinu óska eftir að ráða blaðamann í fullt starf. Hlutastarf kemur einnig til greina.

- **Starfið** felst einkum í ritun fréttu og fréttaskýringu sem birtast í fréttablaði samtakanna og á vef þeirra.
- **Leitað er að** einstaklingi sem hefur umtalsverða reynslu af starfi á fjölmiðlum.
- Hann verður að hafa haldgóða þekkingu á íslensku þjóðfélagi og íslensku atvinnulífi.
- Hann þarf að vera fær um að vinna sjálfstætt undir álagi og vera fær um að skrifa gott, íslenskt mál.
- Það er kostur ef viðkomandi getur þýtt greinar upp úr dönskum og/eða norskum blöðum.
- **EKKI** er gerð krafa um kunnáttu í umbrots- og myndvinnsluforritum en vissulega væri það til bóta ef viðkomandi gæti tekið til hendinni á þeim sviðum.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 4. nóvember nk. Númer starfs er 4929.

Upplýsingar veita Þórir Þorvarðarson og Ari Eyberg. Netföng: thorir@hagvangur.is og ari@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700
Bréfasími 520 4701 • www.hagvangur.is



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík
postur@personuvernd.is, www.personuvernd.is
Sími: 510-9600, fax: 510-9606

risarnir þrjár áætlanir sínar í vallarmálum sem eru í miklum ólestri á Ítalíu og talin ein meginástæðan fyrir lélegri aðsókn. Juventus hefur gengið frá leigusamningi á Delle Alpi af Tórnóborg til 99 ára og hyggst endurbýggja völlum nánast frá grunni. Milanólíðin ætla hinsvegar að flýja San Siro og byggja nýja leikvangar í suðurhluta borgarinnar.



FRANK LAMPARD Var enn og aftur í lykilhlutverki hjá Chelsea í gær og uppskar mikið hrós í leikslok frá stjóra sínum, Jose Mourinho. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Enginn betri í heiminum í dag en Frank Lampard

Frank Lampard fór enn og aftur á kostum með Chelsea er liðið lagði Blackburn, 4-2. Skömmu síðar var Man. Utd kjöldregið af Middlesbrough en Liverpool vann góðan sigur.

FÓTBÓLI Það virðist fátt geta stöðvað Chelsea og liðið sem var kallað leiðinlegt fyrir skömmu síðan bauð upp á enn eina markaveisluna í gær þegar það tók á móti Blackburn. Maður leiksins var klárlega Frank Lampard sem lék eins og kóngur og skoraði tvö mörk. Jose Mourinho, stjóri Chelsea, var ekki að spara stóru orðin í

garð Lampards eftir leikinn.

„Ég sé ekki hvernig hann ætlar að fara að því að bæta sig því fyrir mér er hann besti leikmaður heims nú um stundir,“ sagði Mourinho. „Ég veit ekki hvað þetta fólk, sem velur bestu knattspyrnumenn heims, er að gera um helgar því Englendingar virðast vera þeir einu sem kunna að meta hverslags leikmaður hann er. Hann var bestur í deildinni á sífustu leiktíð. Það eru margir leikmenn sem eiga einn góðan leik í mánuði en Frank á góðan leik um hverja helgi.“

Ég myndi ekki skipta á honum og neinum öðrum leikmanni því hann gerir allt. Hann spilar frábæra vörn, getur gefið langar sendingar, stuttar sendingar. Hann er þvítíkur atvinnumaður og ég sé einfaldlega ekki hvernig hann ætlar að fara að því að bæta sig.“

Chelsea er með yfirburðastöðu í deildinni enda búið að vinna tíu leiki og gera eitt jafntefli. Bresku blaðamennirnir spurðu Mourinho að því hvort Chelsea væri aftur komið á beinu brautina eftir leikinn og hann gerði grin að þeim.

„Aftur á beinu brautina? Með

tíu sigra og eitt jafntefli. Aftur á beinu brautina? Ég vona að ég verði hér nógu lengi til þess að upplifa erfiða stöðu. Það verður erfitt en ég mun njóta þess. Aftur á beinu brautina? Mamma mia!“ sagði Mourinho og hló alla leið inn í búningsklefa.

Það var mikill slagur á White Hart Lane þar sem Lundnáliðin Tottenham og Arsenal skildu jöfn. Leikurinn var mjög kaflaskiptur og jafntefli líklegast sanngjörn niðurstaða.

„Þetta var mjög svekkjandi því ég hefði viljað sjá okkur leika jafnvel í síðari hálfleik eins og í þeim fyrri,“ sagði Martin Jol, stjóri Spurs, en lið hans lék frábæran bolta í fyrri hálfleik. Arsenal hysjaði upp um sig í síðari hálfleik og stjóri þeirra, Arsene Wenger, var sáttur með stigið enda Arsenal án Thierry Henry.

Margir stuðningsmenn Man. Utd kölluðu eftir höfði Sir Alex Ferguson, stjóra liðsins, í gærkvöld eftir að Middlesbrough pakkði þeim saman á Riverside, 4-0. Ekki var sama stemning á Anfield enda vann Liverpool góðan sigur á West Ham.

henry@frettabladi.is



REYNDU AÐ SKORA MAÐUR Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, var oft óvænningarfurill í gær og óskaði eftir mörkum. Honum varð ekki að ósk sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



FINN LEIKUR HJÁ BIRKI ÍVARI Haukarnarkvöldurinn Birkir Ívar Guðmundsson varði 19 skot gegn Noregi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PICTUR

Íslenska landsliðið í handknattleik lagði Noregi í Póllandi í gær:

Ísland vann fjögurra þjóða mótið

HANDBÓLI Íslenska landsliðið í handknattleik vann síðasta leik sinn á fjögurra þjóða móti sem farið hefur fram síðustu daga í Póllandi. Sigurinn í gær var gegn Noregi, 26-23, og þar með vann Ísland mótið með því að sigra Pólverja í fyrsta leiknum og gera jafntefli við Dani í leik númer tvö.

Guðjón Valur Sigurðsson kórónaði frábæran leik sinn á mótinu með níu mörkum í gær en

hann fór hamförum í leikjunum þremur og var í raun óstöðvandi. Markvarslan var loksins í lagi en Birkir Ívar Guðmundsson varði 19 skot í leiknum en hann hafði varið fáa bolta á mótinu fyrir leikinn gegn Norðmönnum.

„Þetta er búið að vera mjög gott mót hjá strákunum og þeir hafa sýnt mikinn karakter í leikjunum þremur,“ sagði Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSI. „Það hefur fyrst og fremst verið liðs-

heildin sem hefur skilað þessum góða árangri en það er verulega góður andi í þessum hópi og allir eru að leggja sig fram hver fyrir annan.“

Mörk Íslands: Guðjón Valur Sigurðsson 9, Markús Máni Michaelsson 4, Jalesky Garcia Padron 4, Sigfús Sigurðsson 3, Ólafur Stefánsson 2, Einar Hólmgeirsson 2, Alexander Peterson 2. Varin skot: Birkir Ívar Guðmundsson 19. -hb

SONY Allt þetta í einum pakka



KLVS32A10
SONY 32" LCD SJÓNVARP

- 32" LCD sjónvarp
- 1366x768 pixel Upplausn
- Contrast 1000:1
- Birta 500 cd/m2
- Borðstandur (hægt að snúa)
- High Definition Ready

219.950 krónur

Skýrari mynd en þú átt að venjast
...og aðeins 1 fjarstýring fyrir öll tækin.



HTSS600
SONY HEIMABÍÓ

- Útvarpsmagnari 600W RMS
- S-Master Digital magnari
- Dolby Digital, DTS, Dolby Pro Logic II
- 5 hátalarar + Basshátalarar

49.950 krónur



DVP-NS360
SONY DVD SPILARI

- Spilar R-1, R-2 (sjónvarp þarf að stýja NTSC)
- Spilar CD/CDR/CDRW/VCD/SVCD/MP3/JPEG DVD-R/DVD+R/DVD-RW/DVD+RW
- Dolby Digital DTS

12.950 krónur

Heildarpakkinn!
18.329 kr.
á mánuði* í 12 mánuði
eða 219.950 krónur staðgreitt.

Listaverð 282.850 krónur

like.no.other™

Sony Center

Kringlunni
588-7668 / 588-SONY
www.sonycenter.is

*Miðað við 12 vaxtalausr jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

515 6100 | SVNLIS | SKÍFAN | OG VODAFONE



Guðni Bergs og Heimir Karls hita upp fyrir alla leikina kl. 19



ÞRIÐJUDAG KL. 19:30
PSV - AC Milan
Real Betis - Chelsea*

MÍÐVIKUDAG KL. 19:30
Lille - Man. Utd.
Juventus - B. München*

*Syn Extra



SYN
- besta sætið



FÖGNUMUR Kári Arnason og Sölvi Geir Ottesen sjást hér fagna sænska meistaratitlinum á dögnum. Þeir fögnuðu aftur í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐMUNDUR SVANSSON

Spiluðum betur eftir að ég kom af bekknum

Íslendingaliðið Djurgarden varð bikarmeistari í knattspyrnu í gær. Félagið vann þar með tvöfaldan sigur á leiktíðinni en Djurgarden er einnig sænskur meistari.

FÓTBOLTI Draumatímabili Íslendingaliðsins Djurgarden lauk með víðeigandi hætti í gær þegar liðið tryggði sér bikarmeistaratitlinn með 2-0 sigri á 1. deildarliðinu Atvidaberg í úrslitum sænsku bikarkeppinnar. Með liðinu leika tveir Íslendingar – Sölvi Geir Ottesen og Kári Arnason – en Kári hefur verið fastamaður í liði Djurgarden í vetur. Hann spilaði síðustu 20 mínútur leiksins í gær en Sölvi Geir var ekki í leikmannahópnum að þessu sinni.

„Þetta eru svo sannarlega viðbrigið að lyfta bikurum nánast um hverja helgi,“ sagði Kári kampakátur með sigurinn þó svo að hann hefði verið óánægður með spilamennskuna hjá liðinu í gær. „Þetta var ekki vel spilaður leikur af okkar hálfu en þetta skánaði mikið eftir að ég kom af bekknum,“ sagði Kári og hló dátt.

Atvidaberg er venslafélag Djurgarden og leikur þar að auki í næstefstudeild. Nokkrir lánsmenn

frá Djurgarden léku með Atvidaberg og þeir lögðu sig alla fram og hefðu með smá heppni getað gert meisturunum skráveifu enda klúðruðu þeir meðal annars vítaspyrnu í leiknum.

„Það var fín stemning á vellinum þótt það hefðu mátt vera fleiri áhorfendur en bikarinn er ekki eins stór og deildin og minni áhugi á keppinni,“ sagði Kári sem var á leið á leik með ísknattleikslíði Djurgarden áður en haldið var í mat og stanslausa gleði. Svo sannarlega óheföbundin fagnaðarlæti.

„Það verður gott að komast í fri en við fáum aðeins vikufri þar sem Royal league er að byrja,“ sagði Kári en það er keppni bestu liða Norðurlandanna. „Við ætlum okkur að vinna þá keppni líka og ég tel að við getum vel gert það. Það eru miklir peningar í boði þannig að það er ekki vitlaust að klára það mót líka,“ sagði Kári og hló dátt.

henry@frettabladid.is



KÁRI KÁTUR Kári Arnason lék síðustu 20 mínútur leiksins í gær en hann hefur verið í lykhlutverki hjá tvöföldum meisturum Djurgarden á tímabilinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐMUNDUR SVANSSON

Íslendingar í sviðsljósinu í leik Reading og Leeds:

Brynjar Björn skoraði en Ívar klúðraði leiknum

FÓTBOLTI Þeir Brynjar Björn Gunnarsson og Ívar Ingimarsson héldu áfram að vera í lykhlutverki hjá Reading í gær þegar liðið mætti Leeds sem var án Gylfa Einarssonar. Brynjar Björn kom Reading yfir í leiknum með góðu marki og allt stefndi í sigur Reading þegar Ívari urðu á skelfileg mistök sem leiddu til þess að Leeds jafnaði leikinn. Steve Coppell, stjóri Reading, neitaði samt að kenna Ívari um niðurstöðuna í leiknum.

„Við bendum ekki á einstaklinga í þessu félagi,“ sagði Coppell en skot Davids Healy fór af hæl Ívars og í markið. Þrátt fyrir jafnteifið var Coppell til í að gleðjast því Reading hefur nú leikið 18 leiki í röð án taps en það hefur ekki gerst áður í 134 ára sögu félagsins.

- hbg



ÍVAR INGIMARSSON Fann sig ekki gegn Leeds í gær og hann liggur hér á jörðinni nýbúinn að missa af einum sóknarmanni Leeds.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Enska úrvalsdeildin:

| | |
|---|-----|
| WIGAN-FULHAM | 1-0 |
| 1-0 Pascal Chimbonda (90.). | |
| Heiðar Helguson sat á bekknum allan leikinn. | |
| TOTTENHAM-ARSENAL | 1-1 |
| 1-0 Ledley King (17), 1-1 Robert Pires (77). | |
| BIRMINGHAM-EVERTON | 0-1 |
| 0-1 Simon Davies (43.). | |
| CHARLTON-NOLAN | 0-1 |
| 0-1 Kevin Nolan (71.). | |
| Hermann Heiðarsson lék allan leikinn fyrir Charlton. | |
| CHELSEA-BLACKBURN | 4-2 |
| 1-0 Didier Drogba (10), 2-0 Frank Lampard, viti (14), 2-1 Craig Bellamy, viti (18), 2-2 Craig Bellamy (44), 3-2 Frank Lampard (62), 4-2 Joe Cole (74.). | |
| Eiður Smári spilaði síðustu 12 mínútur leiksins. | |
| LIVERPOOL-WEST HAM | 2-0 |
| 1-0 Xabi Alonso (18), 2-0 Boudewijn Zenden (82.). | |
| SUNDERLAND-PORTSMOUTH | 1-4 |
| 1-0 Dean Whitehead, viti (4), 1-1 Zvonimir Vukic (48), 1-2 Matthew Taylor (59), 1-3 Matthew Taylor (67), 1-4 Dario Silva (74.). | |
| MIDDLESBROUGH-MAN.UTD | 4-1 |
| 1-0 Gaizka Mendietta (2), 2-0 Jimmy Floyd Hasselbaink (25), 3-0 Aiyegbini Yakubu (45), 4-0 Gaizka Mendietta (78), 4-1 Cristiano Ronaldo (90.). | |

STADAN:

| | | | | | | |
|-----------|----|----|---|---|-------|----|
| CHELSEA | 11 | 10 | 1 | 0 | 28-6 | 31 |
| WIGAN | 10 | 7 | 1 | 2 | 11-5 | 22 |
| TOTTENHAM | 11 | 5 | 5 | 1 | 13-7 | 20 |
| BOLTON | 11 | 6 | 2 | 3 | 13-11 | 20 |
| CHARLTON | 10 | 6 | 1 | 3 | 15-10 | 19 |
| MAN. UTD | 10 | 5 | 3 | 2 | 15-11 | 18 |
| ARSENAL | 10 | 5 | 2 | 3 | 13-7 | 17 |
| MAN.CITY | 10 | 5 | 2 | 3 | 11-8 | 17 |
| WEST HAM | 10 | 4 | 3 | 3 | 14-10 | 15 |
| MIDDLBR. | 11 | 4 | 3 | 4 | 15-15 | 15 |
| BLACKB. | 11 | 4 | 2 | 5 | 11-14 | 14 |
| LIVERPOOL | 9 | 3 | 4 | 2 | 7-8 | 15 |
| NEWCASTL. | 10 | 3 | 3 | 4 | 8-10 | 12 |
| PORTSM. | 11 | 2 | 4 | 5 | 11-13 | 10 |
| FULHAM | 11 | 2 | 3 | 6 | 10-15 | 9 |
| A.VILLA | 10 | 2 | 3 | 5 | 9-16 | 9 |
| WBA | 10 | 2 | 2 | 6 | 9-18 | 8 |
| EVERTON | 10 | 2 | 1 | 7 | 3-12 | 7 |
| BIRMINGH. | 11 | 1 | 3 | 7 | 7-16 | 6 |
| SUNDERL. | 11 | 1 | 2 | 8 | 10-21 | 5 |

Enska 1. deildin:

| | |
|--|-----|
| PRESTON-LEICESTER | 0-0 |
| Jóhannes Karl Guðjónsson lék allan leikinn fyrir Leicester. | |
| READING-LEEDS | 1-1 |
| Ivar Ingimarsson og Brynjar Björn Gunnarsson voru báðir í byrjunarliði Reading. Brynjar Björn skoraði mark Reading í leiknum og fór svo af velli á 84. mínútu. Gylfi Einarsson var ekki í leikmannahópi Leeds. | |
| SOUTHAMPTON-STOKE | 2-0 |
| Hannes Sigurðsson var í byrjunarliði Stoke og var skipt af velli á 86. mínútu. | |

Enska 2. deildin:

| | |
|--|-----|
| BURY-NOTTS COUNTY | 2-3 |
| Lærisveinar Guðjóns Þórðarsonar hjá Notts County eru í 15. sæti í ensku 2. deildinni. Þetta var fyrsti sigur liðsins í tvo mánuði. | |

Norska úrvalsdeildin:

| | |
|--|-----|
| START-FREDRIKSTAD | 1-3 |
| Jóhannes Harðarsson var í byrjunarliði Start en var skipt af velli á 69. mínútu. | |
| ODD GRENLAND-VALERENGA | 2-2 |
| Arni Gautur Arason lék allan leikinn fyrir meistarar Valerenga. | |
| HAM KAM-BRANN | 1-1 |
| Kristján Örn Sigurðsson lék allan leikinn fyrir Brann en Ólafur Örn Bjarnason var ekki í leikmannahópi Brann. | |
| VIKING-AALESUND | 3-0 |
| Haraldur Freyr Guðmundsson sat á bekk Aalesund allan leikinn en Allan Borgvardt lék síðustu 15 mínútur fyrir Viking. | |
| LYN-BODÓ/GLIMIT | 6-0 |
| Stefán Gíslason lék allan leikinn fyrir Lyn. | |
| LILLESTRÖM-MOLDE | 2-2 |
| ROSENBERG-TROMSÖ | 1-1 |

Sænska bikarkeppnin:

| | |
|--|-----|
| DIURGARDEN-ATVIDABERG | 2-0 |
| Kári Árnason spilaði síðustu 19 mínútur leiksins en Sólví Geir Ottesen hortí á leikinn úr áhorfendastúkunni. | |

DHL-deild kvenna:

| | |
|---------------|-------|
| HK-VALLUR | 19-26 |
| FRAM-VÍKINGUR | 34-27 |
| GRÖTTA-FH | 21-25 |

Ítalska úrvalsdeildin:

| | |
|--|-----|
| SAMPDORIA-INTER | 2-2 |
| 1-0 Diana (6), 1-1 Cambiasso (31), 2-1 Diana (35), 2-2 Ivan Cordoba (40.). | |
| AC MILAN-JUVENTUS | 3-1 |
| 1-0 Clarence Seedorf (14), 2-0 Kaká (27), 3-0 Andrea Pirlo (45.), 3-1 David Trezeguet (76.). | |

Spænska úrvalsdeildin:

| | |
|---|-----|
| REAL BETIS-REAL MADRID | 0-2 |
| 0-1 Robson De Souza (30), 0-2 Alvaro Mejia (80.). | |

Hollenska úrvalsdeildin:

| | |
|---|-----|
| DEN HAAG-AZ ALKMAAR | 0-2 |
| Gréttar Rafn Steinsson var í byrjunarliði Alkmaar og lék allan leikinn. | |

Miklu sætara en að verða meistari með Rosenborg

Arni Gautur Arason varð Noregsmeistari með Valerenga í gær. Jóhannes Harðarsson og félagar í Start klúðruðu gullnu tækifæri til að verða meistarar.



MEISTARI ENN Á NÝ Arni Gautur Arason varð fjórur sinnum meistari með Rosenborg en titillinn með Valerenga í gær var sætari en titillinn með Rosenborg.

FÓTBOLTI Start og Valerenga voru jöfn að stigum fyrir lokaumferðina í gær en markahlutfall Start var hagstæðara. Þeir áttu þar að auki heimaleik þannig að flestir veðjuðu á þá sem meistarar. Það er ekkert öruggt í knattspyrnu og það fengu Jóhannes og félagar í Start að reyna því þeir töpuðu á heimavelli, 1-3, á meðan Valerenga gerði 2-2 jafntefli gegn Odd Grenland. Jafnteflið nægði Valerenga til að verða meistari en hefði Start jafnað hefði það orðið meistari. Dramatíkin var því mikil rétt eins og í fyrra þegar Valerenga missti af titilinum með lakara markahlutfall.

„Þetta var alveg ótrúlegt og gleðin var með hreinum ólíkindum. Það ruddust allir inn á völlinn eftir leikinn og maður var heppinn að sleppa óskaddaður úr öllum látunum,“ sagði Arni Gautur Arason skömmu eftir leik en hann var þá enn að fagna með félögum sínum. „Þetta var mikil dramatík en sem

þessu saman. Stemningin eftir þennan leik og með Rosenborg var allt önnur enda var Rosenborg alltaf búið að rúlla deildinni upp og vann þar að auki á hverju ári. Valerenga hefur ekki orðið meistari síðan 1981 og þetta var miklu sætara en með Rosenborg,“ sagði Noregsmeistarinn Arni Gautur Arason. [henry@frettabladid.is](#)



DAVID TREZEGUET Var ekki sættur við að tapa gegn Milan í gær. FRETABLADID/AFP

Ítalski boltinn:

Fyrsta tap Juve

FÓTBOLTI Ítaliameistarar Juventus töpuðu sínum fyrsta leik á keppnistímabili sínu í gærkvöld þegar þeir heimsotóu AC Milan á San Siro. Heimamenn voru mikið mun sterkari aðillinn og gerðu í raun út um leikinn í fyrri hálfleik með þrem göðum mörkum.

Síðari hálfleikur snerist meira um pirring og slagsmál en fótbolta enda voru úrslitin ráðin í fyrri hálfleik og leikmenn Juve notuðu síðari hálfleikinn til að sætta sig við orönn hlut og mátti litlu muna að upp úr syði þegar Rúmeninn Adrian Mutu traðkaði á einum varnarmanni Milan.

Trezeguet hressi aðeins upp á leikinn undir lokin með því að minnka muninn en það var einfaldlega of litit og of seint fyrir meistarana. **- hb**



Terracan

náttúrulega góður

“Þegar ég endurnýja, eru nokkur atriði sem ég legg mikla áherslu á að séu í lagi. Nýi jeppinn verður að vera sterkbyggður og kraftmikill, með góða torfæruhæfni, svo að ég komist örugglega þangað sem ég ætla mér. Jafnframt þarf hann að vera áreiðanlegur. Ekki vill maður verða strandaglöpur einhvers staðar í óbyggðum. Þá þarf hann að vera rúmgóður og þægilegur, af þeirri einföldu ástæðu að maður býður ekki fjölskyldunni sinni eða vinunum upp á hvað sem er.

Ég fann strax að Hyundai Terracan hefur allt þetta og meira til. Ég get því óhikað mælt með honum sem traustum og skemmtilegum ferðafélaga.”

Terracan GLXA 2900 CRDi dísel, beinskíptur. Ríkulega búinn með m.a. tölvustýrða loftkæling. Verð kr. 3.650.000



ÞÁÐU BEINT Í VESKID
50.000 KR. BENSÍNINNEIGN
FRÍ ÁBYRGÐAR- OG KASKÓTRYGGING
Kaupauki að vörumætti allt að 140 þúsund krónum.



Ásmundur Guðnason, fjallagarður
Kristín Ásmundsdóttir, fjallahátá

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning: „And since I am dead, I can take off my head, to recite Shakespearean quotations.“

Jack Skellington voru kvikmyndinni The Nightmare Before Christmas árið 1993.

Svar:

dagskrá



Í TÆKINU DENIS LEARY LEIKUR Í RESCUE ME Á SIRKUS KL.00.05

Uppistandari og handritahöfundur

Denis Leary er fæddur og uppallinn í Worcester í Massachusetts. Foreldrar hans, Nora og John Leary, voru írskir innflytjendur sem ólust upp saman. Eftir æskuárin hélt Denis Leary í menntaskóla í Boston þar sem hann reyndi fyrir sér í leiklist og skrifum. Hann var meðlimur í grínleikhópi og kenndi við menntaskólann í fimm ár eftir útskrift. Á þeim tíma hafði hann skrifað margar greinar í tímarit og unnið fyrir sér sem uppistandari um tíma. Árið 1990 flaug Denis ásamt eiginkonu sinni, Önnu, til London. Sömu helgi missti Anna vatnið og plan þeirra um helgarferð varð að margra mánaða dvöl. Denis hafði ekki mikið fyrir stafni og fór því að skrifa einleik. Eftir að



hann lauk skrifunum fékk hann vini sína frá Bandaríkjunum til að koma og semja tónlist og ásamt gítarleikurunum Chris Phillips og Adam Roth sýndi Leary leikritið No Cure For Cancer á Alþjóðlegu listahátíðinni í Edinborg. Þrátt fyrir nokkrar mótþáttur yfir titilnum hlaut sýningin Gagnrýningendaverðlaunin ásamt sérstökum meðlimum. Á næsta ári var sýningin flutt til Ameríku og árið 1992 var No Cure For Cancer sýnt á kapalstöðinni Showtime. Í framhaldinu var gerð bók, geisladiskur og myndband og Denis vakti þónokkra athygli. Allt varð þetta til þess að Denis öðlaðist frama í kvikmyndum og hefur leikið í fjölmörgum myndum síðastliðin ár.

Þrjár bestu myndir Denis:

Wag the Dog – 1997 Snitch – 1998 The Thomas Crown Affair – 1999

20.00
Gaman
KALLAKAFFI

20.55
Spenna
BLIND JUSTICE

22.15
Drama
WEEDS

20.00
Keppni
POPPUNKTUR

21.30
Ameríski boltinn
SAN DIEGO

2 SJÓNVARPIÐ

2

SIRKUS

SKJÁREINN

SYN

8.00 Morgunstinundin 8.03 Engilbert 8.15 Matti morgunn 8.30 Magga og furdudýrið 9.00 Disneystundin 9.01 Lilo og Stich 9.22 Teiknimyndir 9.30 Mikki mús 9.52 Matta föstra 10.15 Leikarinn 10.20 Latibær 10.50 Spaugstoflan 11.15 Hljómsveit kvöldsins

7.00 Barnatími (Kýrin Kolla, Litlir hnetir, Pingu, Myrkfælnu draugarnir, Töfrastigvél, Addi Paddi, Könnudurinn Dóra, Ginger segir frá, WinxClub, Batman, Scooby Doo, Horance og Tina, Titeuf, Skrímslaspillið, Froskafjör, Strór draumirinn, Home Improvement 2)

14.40 Real World: San Diego (19:27) 15.10 The Cut (9:13) 16.00 Veggiðúður 16.45 Hell's Kitchen (9:10) 17.30 Friends 4 (9:24) 18.00 Idol extra 2005/2006

10.15 Pak yfir höfuðið (e) 11.00 Sunnudagsþátturinn – NYTT!

10.45 A1 Grand Prix

11.45 Kallakaffi (5:12) 12.15 Út og suður 12.40 Í Hrekkjavökubæ 14.00 Listin mótar heiminn (1:5) 15.00 Ceró myndarinnar Africa United 15.25 Trekkarar 16.50 Andlitíð (2:2) 17.50 Táknálsfréttir 18.00 Stundin okkar

12.00 Silfur Egils 13.30 Neighbours 13.50 Neighbors 14.10 Neighbors 14.30 Neighbors 14.50 Neighbors 15.15 Það var lagið 16.15 Idol – Stjörnuleit 2 (35:37) (e) 17.40 Idol – Stjörnuleit 2 (36:37) (e)

18.30 Fréttir Stöðvar 2 19.00 Hogan knows best (4:7) 20.00 Hell's Kitchen (10:10) (Hell's Kitchen 1) 20.45 Laguna Beach (4:11) 21.15 My Supersweet (4:6) Raunveruleikaþáttur frá MTV. 21.45 Fashion Television (4:4) Í þessum frægu þáttum færðu að sjá allt það heitasta og nýjasta í tískuheiminum. Eftir að eiginmaður hennar deyr snögglega lendir húsmóðirin, Nancy Botwiní miklum fjárhagsvandæðum. Til þess að bjarga sér úr vandæðunum tekur Nancyupp á því að fara að selja maríjuana Los Angeles borgar. Þrátt kemur í ljós að allir í hverfinu hennar eru farnir að versla við hana þar á meðal borgarfulltrúinn Doug Wilson. 22.50 So You Think You Can Dance (4:13)

19.00 Battlestar Galactica (e) 20.00 Poppunktur Skallapopparnir Felix og Dr. Gunni snúa aftur í haust með tilheyrandi skarkala og látum. Þetta er fimmta þáttaröðin af Poppunkti sem er ekki undarlegt þar sem þátturinn hefur notið verðskuldaðra vinsælda allt frá því að hann hóf fyrst göngu sína. 21.00 Dateline Dateline er margverðlaunaður, fréttaskýringaþáttur frá NBC sjónvarpsstöðinni í Bandaríkjunum. 22.00 C.S.I. New York Eftir að hafa borið vitni í morðrannsókn hittir Mac sakborninginn sem efast um gildi sönnunargagnanna sem Mac bar fram. 22.50 Da Vinci's Inquest Da Vinci lendir í flóknu máli þegar skotbardagi brýst út á meðal lögreglumanna og almennra borgara.

12.45 Hnefaleikar 13.45 Spænski boltinn 15.25 Gillette-sportpakinn 15.55 Bandaríska mótardóin í golti 16.50 NFL-tilþríf 17.20 UEFA Champions League 17.50 Spænski boltinn

19.50 Ítaliski boltinn (Juventus – AC – Milan) 21.30 Ameríski fótboltinn (San Diego – Kansas City) Bein útsending.

23.50 Kastljós 0.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

23.15 Idol Stjörnuleit 3 (5:45) 0.10 Crossing Jordan (10:21) 0.55 Silfur Egils 2.25 First to Die (B. börnum) 3.45 First to Die (B. börnum) 5.10 Strákarnir 5.35 Köngur um stund (13:16) 5.55 Fréttir Stöðvar 2 6.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV!

0.05 Rescue Me (4:13) 0.55 The Corporation

23.40 C.S.I. (e) 0.35 Sex and the City (e) 2.05 Cheers – 7. þáttaröð (e) 2.30 Pak yfir höfuðið (e) 2.40 Östöðvandi tónlist

0.00 Spænski boltinn

2 BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

OMEGA

E! ENTERTAINMENT

AKSJÓN

ENSKI BOLTINN

8.05 Two Weeks Notice 10.00 Down With Love 12.00 Adams Sandler's Eight Crazy Nights 14.00 One True Thing 16.05 Two Weeks Notice 18.00 Down With Love 20.00 Adams Sandler's Eight Crazy Nights (Átta villtar nætur) Stórskemmtilegur teiknimyndasöng-leikur. 22.00 We Were Soldiers (Við vorum hermenn) Stórbotin stríðsmynd. Stranglega bönnuð börnum. 0.15 Pilgrim (Str. b. börnum) 2.00 Identity (Str. b. börnum) 4.00 We Were Soldiers (Str. b. börnum)

Dagskrá allan sólarhringinn.

12.00 High Price of Fame 13.00 50 Steamiest Southern Stars (1) 14.00 50 Steamiest Southern Stars (2) 15.00 The El True Hollywood Story 17.00 The El True Hollywood Story 19.00 The Soup 19.30 Good Girls Gone Bad 20.00 THS Investigates 22.00 Rich Kids: Cattle Drive 23.00 Wild On Tara 23.30 Wild On Tara 0.00 Party @ The Palms 0.30 The Soup 1.00 101 Sensational Crimes of Fashion!

Fréttátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

9.45 Wigan – Fulham frá 29.10 11.45 Birmingham – Everton frá 29.10 13.45 Sunderland – Portsmouth frá 29.10 15.50 WBA – Newcastle (b) 18.00 Tottenham – Arsenal frá 29.10

20.00 Helgaruppgjör 21.00 Spurningaþátturinn Spark (e) 21.30 Helgaruppgjör (e) 22.30 Dagskrárlök

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE



FYNDNIR FJÓRA DAGA VIKUNNAR

Strákarnir mánudaga til fimmtudaga kl. 20:00



GOTT FOLK HUGGJAN

VIÐ MÆLUM MEÐ...

Jake in Progress

Stöð 2 kl. 19.15

Jake gengur betur í starfi en einkalífi.

Hungraður kynningarfulltrúi

Nýr bandarískur grínþáttur er nú að hefjast í sjónvarpinu. Krisustjórnir fjallar um ungan og hungraðan kynningarfulltrúa í New York. Þegar fræga fólkíð rennur á rassinn mætur Jake Phillips á svæðið og reddar málu- um. Vandamálin eru bæði stór og smá en Jake er alltaf til staðar, boðinn og búinn að lappa upp á ímynd viðskiptavinanna. Mitt í amstri dagsins gleymir hann hins vegar að hugsa um sjálfan sig en hann er hreint ekki barnanna bestur þegar kemur að einkalífinu.



TALSTÖÐIN FM 90,9

9.00 Er það svo? e. 10.03 Gullströndin – Skemmtiþáttur Reykjavíkuraðakademíunnar 11.00 Messufall
12.10 Silfur Egils 13.40 Sögur af Megasi 14.00 Sögur af fólkí 15.03 Barnatíminn 16.00 Laugardagsmorgunn 18.00 Hitt og þetta úr Alltíðsum e.
18.30 Fréttir Stöðvar 2 19.00 Barnatíminn e. 20.00 Sögur af Megasi e. 20.30 Silfur Egils e. 22.00 Sannar kynjasögur eftir Cheiro. 23.00 Fjálars hendur Íluga Jökullssonar.
0.00 Messufall e. 1.00 Gullströndin e.

BYLGLJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. 7.00 Ísland í Bítit 9.00 Ívar Guðmundsson
12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádeggi Byggjarnar 13.00 Bjarni Arason 16.00 Reykjavík Síðdegis
18.30 Kvöldfréttir og Ísland í Dag. 19.30 Bragi Guðmundsson - Með Ástarkvefju

RÁS 1 FM 92,4/93,5

8.00 Fréttir 8.05 Morgunandakt 8.15 Tónlist á sunnudagsmorgni 9.03 Lóðrétt eða lárétt 10.00 Fréttir 10.15 Bókmenntaárið 1955 11.00 Guðsþjónusta í Dómkirkjunni
12.00 Hádegisútlarp 12.20 Hádegisfréttir 13.00 Fjölskylduleikriti: Dóttir sækununga 14.10 Söngvamáll 15.00 Drengur verður skáld 16.00 Fréttir 16.10 Endurómur úr Evrópu
18.28 Seiður og hól 19.00 Íslensk tónskáld 19.40 Þjóðbrók 20.35 Sagnaslið 21.15 Laufskálin 21.55 Orð kvöldins 22.15 Slæðingur 22.30 Í kvöld um kaffiþjóð 23.00 Andrárimur
0.10 Útvarpað á samtendum rásum

ÚTVARP SAGA FM 99,4

12.25 Meinhorníð

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar 8.00 Fréttir 8.05 Morguntónar 9.00 Fréttir 9.03 Helgarútgáfan 10.00 Fréttir 10.05 Helgarútgáfan
12.20 Hádegisfréttir 12.45 Helgarútgáfan 16.00 Fréttir 16.08 Rokkland
18.00 Kvöldfréttir 18.28 Tónlist að hætti hússins 19.00 Sjónvarpsfréttir 20.00 Popp og ról 22.00 Fréttir 22.10 Popp og ról
0.00 Fréttir

ÁÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effem / Zúber tónlistarstöðin
FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp
FM 102,9 Lúndin / Kristllegt efni
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristllegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 104,5 Radíó Reykjavík / Tónlist og afþreying

ERLENDAR STÖÐVAR

SKY NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

CNN INTERNATIONAL
Fréttir allan sólarhringinn.

FOX NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

EUROSPORT
12.30 Tennis: WTA Tournament Linz 14.00 Tennis: ATP Tournament Basel 16.00 Tennis: ATP Tournament Lyon 17.15 Fight Sport: Fight Club 18.45 Kick Boxing: Akimur 21.30 Motorsports: Motorsports Weekend 21.45 Rally: World Championship Catalunya Spain 22.15 Olympic Games: Mission to Torino 22.45 Superbike: World Championship 23.45 Boxing: WBC World Title Berlin Germany

BBC PRIME
12.00 Blue Planet - A Natural History of the Oceans 13.00 Classic EastEnders 13.30 Classic EastEnders 14.00 EastEnders Omnibus 14.30 EastEnders Omnibus 15.00 EastEnders Omnibus 15.30 EastEnders Omnibus 16.00 The Life of Mammals 17.00 Last of the Summer Wine 17.30 2 point 4 Children 18.00 Down to Earth 19.00 Rick Stein's Food Heroes 19.30 Changing Rooms 20.00 No Going Back 21.00 Top Gear Xtra 22.00 It's Show Them Who's Boss 22.40 Hunting: Chris Ryan 23.30 Wildlife 0.00 Wellington: The Iron Duke 1.00 The Lost Liner and the Empire's Gold

NATIONAL GEOGRAPHIC
12.00 Paranormal? 13.00 Battle of the Hood And the Bismarck 14.00 Battle of the Hood And the Bismarck 15.00 Battle of the River Plate 17.30 Bombing of England 18.00 Killer Hornets 19.00 When Expeditions Go Wrong 20.00 Megastructures 21.00 Seconds From Disaster 22.00 The Super Twisters 23.00 Paranormal? 0.00 Seconds From Disaster 1.00 The Super Twisters

ANIMAL PLANET
12.00 Lions 13.00 Killing for a Living 14.00 The Life of Birds 15.00 Monkey Business 15.30 Meerkat Manor 16.00 Big Cat Diary 16.30 Predator's Prey 17.00 Crocodile Hunter 18.00 Lions 19.00 Killer Ants 20.00 The Life of Birds 21.00 Animal Cops Houston 22.00 Cell Dogs 23.00 Killing for a Living 0.00 The Life of Birds 1.00 Lions

DISCOVERY
12.05 Extreme Engineering 13.00 Birth of a Sports Car 14.00 Mythbusters 15.00 Brainiac 16.00 Deslified! Catch 17.00 Aircrash 18.00 The Great Biker Build-Off 19.00 American Chopper 20.00 Mythbusters 21.00 Top Tens 22.00 Top Tens 23.00 Zero Hour 0.00 Material Witness 1.00 Spy

MTV
15.00TRL 16.00 EMA Build-Up Show 16.30 Just See MTV 17.30 Trigg'n' 18.00 World Chart Express 18.00 Dance Floor Chart 20.00 Switched On 21.00 EMA Build-Up Show 21.30 EMA Build-Up Show 22.00 MTV Europe Music Awards 2004 1.00 Just See MTV

VH1
12.00 VH1 Weekly Album Chart 13.00 Top 100 21.00 40 Least Metal Moments 23.00 VH1 Weekly Album Chart 0.00 VH1 Hits

CLUB
12.15 Hollywood One on One 12.45 Paradise Seekers 13.10 Staying in Style Again 13.40 Matchmaker 14.10 Design Challenge 14.35 Lofty Ideas 15.00 Fantasy Open House 15.25 Completely Hammered 15.50 Insights 16.15 City Hospital 17.00 Yoga Zone 17.25 The Method 17.50 Crime Stories 18.40 Retail Therapy 19.10 Girls Behaving Badly 19.40 The Roseanne Show 20.30 Come! See! Buy! 21.00 Cheaters 22.00 What Men Want 22.30 My Messy Bedroom 23.00 Sextasy 0.00 Women Talk 0.30 Sex and the Settee 1.00 Hollywood One on One 1.25 Hollywood One on One 1.55 Paradise Seekers

CARTOON NETWORK
12.00 Cow and Chicken 12.30 Courage the Cowardly Dog 13.00 Dexter's Laboratory 13.30 Ed, Edd n Eddy 14.00 Courage the Cowardly Dog 15.00 The Grim Adventures of Billy & Mandy 16.00 What's New Scooby-Doo? 17.00 The Grim Adventures of Billy & Mandy 18.30 Scooby-Doo and the Reluctant Werewolf 20.00 The Flintstones 20.30 The Jetsons 20.45 The Jetsons 21.00 Droopy Master Detective 21.30 Scooby-Doo 22.00 Tom and Jerry 23.00 Dexter's Laboratory 23.30 The Powerpuff Girls 0.00 Johnny Bravo 0.30 Ed, Edd n Eddy 1.00 Skipper & Skeeto

JETIX
12.05 Braceface 12.35 Ubos 13.05 Digimon II 13.30 Movie Mysteries 14.00 Super Robot Monkey Team 14.30 Totally Spies 15.00 Martin Mystery 15.30 A.L.U.M Alpha Teens ON Machines 16.00 Pucca 16.05 Spiderman 16.30 Pucca 16.35 Totally Spies

MGM
12.55 The Knows Too Much 14.30 Johnny Ryan 16.10 Square Dance 18.00 Miles from Home 19.50 Florida Straits 21.25 Semi-Tough 23.10 Rage 0.50 Where's Poppa?

TCM
20.00 The Hill 22.05 Code Name: Emerald 23.40 The Asphalt Jungle 1.30 Thirty Seconds over Tokyo 3.45 San Quentin

HALLMARK
11.45 The Lost Child 13.30 Peacekeeper War 15.15 My Louisiana Sky 17.00 Dinotopia 18.30 Show in August 20.00 Law & Order VI 20.45 Jane Doe: The Death Do Us Part 22.15 Sioux City 0.00 High Sierra Search And Rescue 0.45 Law & Order VI 1.30 Show in August

BBC FOOD
12.00 Ching's Kitchen 12.30 The Tanner Brothers 13.00 Full On Food 14.00 Off the Menu 14.30 My Favourite Chef 15.00 My Favourite Chef 15.30 Dinner in a Box 16.00 The Naked Chef 16.30 Saturday Kitchen 17.00 Never Cooks 17.30 Saffron Chef 18.00 Ainsley's Gourmet Express 18.30 Worrall Thompson 19.00 Sophie's Weekends 19.30 Paradise Kitchen 20.00 United States of Baza 20.30 The Tanner Brothers 21.00 Rachel's Favourite Food 21.30 Made to Order 22.00 The Hi Lo Club 22.30 Masterchef Goes Large

DR1
11.55 Kærifghed en granser 12.25 Arbejdsly - Perker nej tak 12.55 En cvesle i kærifghed 13.15 OBS 13.20 Gymnastik: World Class Competition 2005 14.20 Ridesport: FEI World Cup Dressage 15.20 Vagabonderne på Bakkegården 17.00 Sigurds Bjergmetne 17.30 TV Ávísan með Sport og Veitur 18.00 Allo! Allo! 18.30 Sláðan íggar landið 19.00 vinnu 20.00 TV Ávísan 20.15 Söndag 20.45 Söndagsportin með SAS Iga 21.10 De skov h historie 21.50 Blind Justice 22.30 OBS 22.35 Byen uden granser

SV1
12.45 Först & sist 13.30 Folktoppen 14.30 En granslös rapspói 15.00 Dokument: ulfrán: Lisettes aktiva lív och döð 16.00 Granslös kárfek 16.30 Skólaáttun 17.00 Bólþrimpa 17.01 Næsse 17.10 Þingur 17.15 Tv-huset 18.30 Rapport 19.00 Lite som du 19.30 Sportspegeln 20.15 Stoppitid 20.20 Agenda 21.15 Kantar 21.45 Vetenkap - Materiens mystener 22.15 Rapport 22.25 Design 365 22.30 Kommissionen 23.15 Sönding frá SVT4

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

RITHÖFUNDURINN OG GLÍMUKAPPINN

Thor Vilhjálmsson í Sjálfstæðu fólkí í kvöld kl. 19:40



SOFT: FOLK.MEYANN

HIN HLÍÐIN KRISTJÓN KORMÁKUR GUDJÓNSSON RITHÖFUNDUR

Ekki valinn í 16 ára landsliðið

Hvað er að fréttu? Ég er á fullu að dreifa bókinni minni í búðir, fara í viðtöl og svo er ég að skipuleggja afmæli fyrir hann Hrafn frænda minn sem verður 1. nóvember.

Augnlitur? Blár.

Starf? Rithöfundur.

Fjölskylduhagir? Í sambúð.

Hvaðan ertu? Ég er ættaður af Hornströndum í fösúrátt og af rithöfundum og skáldum af sunnan í móðurátt.

Ertu hjátrúarfull/ur? Nei, ég er ekki hjátrúarfullur nema í flugtaki. Þá fer ég alltaf með benjamin.

Uppáhaldssjónvarpsþáttur? Lost.

Uppáhaldsútværþáttur? Ég hlusta svo lítið á útvær.

Uppáhaldsmatur? Humar og kengurúkjöt.

Fallegasti staður? Drangar á Hornströndum

og Frigiliana á Spáni.

ipod eða geislaspilar? Bara mp3. Ég þarf ekki svona mikið magn.

Hvað er skemmtilegast? Að lesa upp er gaman.

Hvað er leiðinlegast? Að vakna snemma.

Helsti veikileiki? Ég get verið svolítið fljótfer og óþolinmóður.

Helsti kostur? Ég er trygglyndur og á auðvelt með að aga mig.

Helsta afrek? Bömin mín og bækurnar í kjölfarið.

Mestu vonbrigði? Þegar ég var ekki valinn í 16 ára landsliðið í fótbolta því ég átti afmæli víðlausu megin á árinu.

Hver er draumurinn? Að halda áfram að koma með góðar sögur og haga sér skikkana í lífinu.

Hver er fyndnastur/fyndnust? Jón Gnarr, Jim Carrey og rithöfundurinn Michel Houellebecq.


Á hvað trúirðu? Ég bæði trú og trú ekki. Ég útiloka ekki neitt af því að ég get ekki sannað það, ég er ekki svo hrokafulur. Maður verður oft var við sérkennilega hluti.

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Þegar hlutirnir gerast ekki á minum hraða. Þegar fólk er ekki tilbúið að fara eftir frekjunni í manni sjálfum.

Uppáhaldsskivmynd? Fight Club.

Uppáhaldsbók? Öreindirnar eftir Michel Houellebecq, franska rithöfundinn og geðsjúklinginn.

Hvað er mikilvægast? Að vera í góðu formi.



HRÓSID

...fær Dórhallur Gunnarsson fyrir heimildarmynd sína Skuggabörn en myndin er gerð eftir bók Reynis Traustasonar.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Nú er aðeins vika í prófkjör sjálfstæðismanna vegna borgarstjórnarkosninganna í Reykjavík á næsta ári. Spennan er því að ná hámarki og nokkur titringur er í herbuðum frambjóðenda, ekki síst þeirra **Gísla Marteins Baldurssonar** og **Vilhjálmssonar** og **P. Vilhjálmssonar** sem bitast á um efsta sætið. Kannanir benda til þess að Vilhjálmur hafi enn forskot á Gísla Martein en það getur allt gerst og endaspætturinn getur ráðið úrslitum. Þó athygli fólks sé vítaskuld fyrst og fremst á mönnum í toppbaráttunni er einnig spáð og spekulerað í öðru sætinu sem flestir veðja á að **Hanna Birna Kristjánsdóttir** tryggji sér enda geti það ekki gengið að þrjú til fjögur efstu sætin séu skipuð karlmönnum. **Július Vífill Ingvarsson** og **Kjartan Magnússon** munu því væntanlega takast á um næstu sæti við þann sem verður undir í baráttunni um fyrsta sætið. Þá getur Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, ráðgjafi menntamálaráðherra, einnig blandað sér í þennan slag en hún hefur komið sterk til leiks í prófkjörbaráttunni.



Hrafn Jökullsson, skákfrömuður og forseti Hróksins, fagnar fjörutu ára afmæli sínu á þriðjudaginn, þann 1. nóvember. Þann sama dag kemur æt bókinn Tær snilld í tilefni afmælisins en í henni eru birtar 40 skákperlur, leiftrandi sóknarskákir sem hafa komist á spjöld sögunnar. Það er **Róbert Harðarson**, varaforseti Hróksins, sem velur skálinnar en helsti hvatamaður að útgáfunni er **Óssur Skarphéðinsson**, alþingismaður og stofnlagi í Hróknum.



MARÍANNA CLARA LÚTHERSDÓTTIR: SLÆR Í GEGN Á AKUREYRI

Prjónar með Ester og Álf-rúnu fyrir norðan

„Ég held það sé ofmælt að segja að ég sé búin að slá í gegn en það er auðvitað yndislegt að fá svona góða dóma,“ segir leikkonan Marianna Clara Lúthersdóttir sem hefur vakið talsverða eftirtekt fyrir frammistöðu sína í Hinu fullkomna brúðkaupi sem Leikfélag Akureyrar sýnir um þessar mundir.

Marianna útskrifaðist úr Leiklistarskóla Íslands árið 2003 en þetta er í fyrsta sinn sem hún stígur á fjárlinnar hjá einu af stofnanaleikhúsum. „Ég hef aðallega verið að leika með sjálfstæðu leikhópunum. Þar má fyrst nefna Kvenfélagið Garp, en í því eru ég, Ester Talía Casey, María Heba Þorkeldsdóttir og Sólveig Guðmundsdóttir. Við vorum einmitt að fá styrk frá menntamálaráðuneytinu til að setja upp Gunnlaðarsögu á næsta ári sem verður okkar þriðja verk.“

Marianna er borin og barnfædd Reykjavíkurmær en flutti til Akureyrar gagnert til að leika í Hinu fullkomna brúðkaupi og mun dvelja þar að minnsta kosti fram til áramóta. „Þetta er fin tilbreyting. Ég leigi með Ester Talíu og Álf-rúnu Örnólfsdóttur, sem eru með mér í leikritinu og það hefur reynt yndisleg sambúð. Ester hef ég þekkt síðan við vorum sjö ára og vissi því að hverju ég gekk og Álf-rúna hefur reynt hreint út sagt fráber manneskja. Við erum alltaf að prjóna og elda. Ég held ég hafi aldrei lifað jafn heilsusamlegu lífi og eftir að ég flutti norður,“ segir Marianna og hlær.

Ein af ánægjulegustu tilbrigðunum við að flytjast norður segir Marianna vera að í fyrsta sinn er leiklistin hennar eina lífbraud. „Launin hjá sjálfstæðu leik-



MARÍANNA CLARA Á SVÍÐI Segir það frábera tilbreytingu að geta helgað leikhúsinu krafta sína.

hópunum eru ekki himinhá svo ég hef alltaf þurft að vera í nokkrum störfum, til dæmis hef ég verið í hlutastarfi í bókabúðum í tíu ár. Það er hins vegar æðislegt að vera búin að vinna klukkan fimm, fara í sund og svo bara heim að elda.“


Þá spillir ekki fyrir að hún hefur fengið frábera dóma fyrir frammistöðu sína í leikritinu. „Leikarar eru auðvitað upp til hópa hégómagjarnir svo það er alltaf gaman að fá hrós en aðalatriðið finnst mér vera að fá að taka þátt í þessu frábera leikriti,“ klykkir Marianna út hógværðin uppmáluð.

bergsteinn@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Fáir athafnamenn hafa verið jafn mikið milli tannanna á fólki og **Jón Ólafsson**, jafnan kenndur við Skífuna, á undanförmum árum. Áhugafolk um kjaftasögur og hræringar í viðskiptalífinu býður því útgáfu Jónsbókar – sögu Jóns Ólafssonar athafnamanns með nokkurrí eftirvæntingu. Sagnaheitarinn **Einar Kára-son** skráir

söguna og það er þegar farið að spyrjast út að bökin sé „skemmtileg“ enda vart við öðru að búast þegar jafn öflugur sagna- maður og Einar tekur að sér að fara í letur sögu Jón Ólafssonar en af honum er til hafsþjór af sögum og sjálfur kann hann að segja þær manna best.



Þegar er hins vegar of snemmt að segja til um það hvort reyfara- kennt líf Jóns Ólafssonar muni veita nýjustu glæpasögu **Arnaldar Indriðasonar** samkeppni en bók Arnaldar, Vetrarborgin, kemur út á þriðjudaginn. Arnaldur hefur borið höfuð og herðar yfir aðra rithöfundu hvað bóksölu varðar á undanförmum árum og það hvarfar ekki að nokkrum manni annað en að Vetrarborgin muni halda sigurgöngu Arnaldar áfram. Það er sem

fyrir hin ástsæla persóna Arnaldar, lögreglu- maðurinn **Erlendur**, sem er í forgunni Vetrarborgarinnar þannig að aðdáendur kappanna ættu ekki að verða fyrir vonbrigðum.



thorarinn@frettabladid.is

200 KÍLÓ HURFU

Síðast liðinn vetur grenntust konurnar á Body & Mind námskeiðinu hjá Önnu Haraldsdóttur alls um 200 kg með frábærum æfingum. Engin hopp & hávaði, aðeins góðar æfingar, teygjur og slökun hjá Technosport í Hafnarfirði.

Nánari upplýsingar hjá Önnu í síma 899 79 09

Gáfu Nick Cave áritaða plötu

Lagið Nick Cave er að finna á fyrstu plötu hljómsveitarinnar Jan Mayen sem kom út í fyrra. Af því tilefni ákvað sveitin að nýta tækifærið á meðan Cave er á landinu vegna frumsýningar leikrítins Woyzeck og gefa honum plötuna áritaða af öllum meðlimum sveitarinnar.

Í laginu kemur meðal annars fram setingin „Nick Cave is a real motherfucker“. Að sögn Ágústs Bogasonar, meðlims Jan Mayen, er lagið lofsöngur um Cave. „Þetta lag er oft misskilið því við höfum verið spurðir mikið út í þetta. Við litum upp til hans og hann er tvímælalaust uppáhalds ástralski trúðaborinn okkar,“ segir Ágúst í létum dúr.

Gísli Örn Garðarsson, leikstjóri Woyzeck, mun sjá um að koma eintakinu í réttar hendur. Á því er meðal annars búið að rita ofangreint textabrot og síðan er klykkt út með orðunum; „Cheers, Jan Mayen.“



JAN MAYEN Hljómsveitin Jan Mayen samdi lag um Nick Cave á síðustu plötu sinni.



TOYO TIRES

LOKSINS Á ÍSLANDI

Bestu dekkin í USA 8 ár í röð

Áttunda árið í röð voru Toyo dekkin valin bestu dekkin af Tire Review Magazine sem er tímarit hjólbarða-sala í Bandaríkjunum. Toyo vetrardekkin eru með einstökum mikróskurði sem gefur betra veggrip og meira öryggi. Toyo dekkin eru líka sérstaklega mjúk og hljóðlát.



Tranpath S1, harðkorna dekk
17" - 18" felgur



Garit G30, harðkorna dekk
13" - 15" felgur



C1S, neglanleg vetrardekk
13" - 16" felgur



Open Country All Terrain
Jeppadekk á 15", 16", 17", 18" og 20" felgur. Hæð 28" - 37"



Open Country Mud Terrain
Jeppadekk á 15", 16", 17" og 18" felgur. Hæð 28" - 38"

Mikróskorin „suction rubber“ dekk með hörðum, umhverfisvænum kornum og náttúrulegum skeljabrotum. Dekkin eru með hárfinum mikróskurði sem hleypir raka upp í dekklið og nánast límið það ofan á ísingu. Síðan gripa hörðu, náttúrulegu skeljakornin í isinn líkt og kler. Dekk sem hafa reynst afburða vel í Svíþjóð og Finnlandi. Nýtt Silica Compound söggumlið vinnur afburðavel í kulda og nær gripri þrátt fyrir að vatnsfilma liggi ofan á vegisíngu.

Mikróskorin og neglanleg dekk hönnuð fyrir akstur við erfiðar vetrarabstæður. Dekkin halda mjúkt sinni í miklu frosti og tryggja frábært grip. Djúpt og gleitt mynstrið veitir mjög gott grip í snjó og hálfu og stýttir hemilunar-vegalengd í bleytu. „Silica Compound“ gúmmið hefur einstaka viðlöðun við blautan vegföt.

Radial dekk með ahlíða A/T mynstri. Veita afburða grip í akstri um vegleysur og eru ljúf og þægileg á vegi. Dekkin bita af grimmd í snjó og bleytu. Reynslan sýnir að þau endast öðrum dekkjum betur undir jeppum, pallbilum og sendibilum.

Henta jeppamönnum í vegleysur. Grimmsterk radialdekk með torfæru-mynstri, með meira burðarþol en samt mjúk og þægileg í þjóðvegaakstri. Engin málamlöun í torfærunar og veita afburða grip í akstri um vegleysur.

Ný umhverfisvæn
harðkorna dekk



Þýska bílablaðið Gute Fahrt valdi Toyo dekkin bestu dekkin 2 ár í röð.



Porsche Cayenne sló nýlega hraðamæt fjórhjóladrifna bíla, 308 km/klst - með Toyo dekkjum.

NESDEKK
S. 561 4110

Suðurstroind 4, 170 Seltjarnarnesi
Sími 561 4110

Bílabúð Benna

Bílabúð Benna • Vagnhófa 23
Sími 590 2000 • www.benni.is

ÍSLENSKA ÓPERAN
THE TURN OF THE SCREW
FRITT
BENJAMIN
BRITTEN
MÍÐASALA Á WWW.OPERA.IS, S. 511 4200



BAKÞANKAR
VERNHARÐS ÞORLEIFSSONAR

Leiðbeiningar

Þegar ég fæ ný tæki eða tól sem ég þarf að setja saman sjálfur hefst ég ávallt handa án aðstoðar leiðbeininga. Ég lít á sem svo að ef mér tækist ekki að leysa vanda málið án leiðbeininga þá hafi ég þær alltaf í bakhöndinni. Ef ég aftur á móti hæfist handa með aðstoð leiðarvísis og tækist ekki ætlunarverkið hefði ég ekkert varaplan. Ég hlýt að flokkast sem skynsamur.

ÉG FÉKK nýtt tæki í seinustu viku. Það var bíll. Ég hugsaði sem svo að miðað við áralanga reynslu mína af bílum þá væri það bara mínútu spursmál hvenær bíllinn myndi flokkast undir eitt af skynfærnum mínum. Ég hugsaði rangt. Áralöng reynsla mín af bílum er nefnilega þyrnum stráð. Ég hef til dæmis tvisvar sinnum látið draga bíl á verkstæði sem síðar var greindur bensínlau.

NÝ BÍLLINN er þýskur og þar af leiðandi með þýskum leiðbeiningum. Og þar sem ég kann ekki stakt orð í þýsku er varaplaníð mitt í molum. Ég er samt búinn að gera heiðarlegar tilraunir til að skilja. Mér datt til dæmis í hug að ef ég læsi textann upphátt þá myndi tungumálið útskýra sig sjálf. Það gerði það ekki.

AUÐVITAÐ fer bíllinn í gang og ég get keyrt hann á milli staða. Stefnuljósin virka fint og ég átta mig á því hvenær bíllinn er orðinn oliulúttill en það sem pirrar mig alveg óendanlega er að vita að bíllinn er með fullt af öðrum útbúnaði sem ég hef ekki hugmynd um. Það er skilningsleysi mitt sem takmarkar hann.

ÞAÐ ER líka skilningsleysi mitt sem takmarkar sjálfan mig. Ekki vantar leiðbeiningarnar um það hvernig ég ætti að haga lífinu. Reyndar er alltof mikið af þeim í veröldinni og mikill vandi að velja úr. Sumir hafa einn leiðarvís, hvaða nafni sem hann kallast, og halda sig við hann. Aðrir hafa nokkra og flokka úr það sem þeim hentar eða sem þeim þykir líklegast. Og svo er fólk eins og ég, sem reynir að klóra sig fram úr lífinu og gripur í leiðbeiningar þegar vandamálin virðast okkur ofvíða.

ÉG HELD því fram að það sé mikilvægara að þekkja sjálfan sig heldur en bíllinn sinn. Í ljósi þess ætla ég að gefa mér nokkrar mínútur á dag til að reyna að uppgötva hvers ég er megnugur. Næst þegar þú sjáir mig úti vegakanti með hazzard ljósin blikkandi er ég því sannilega ekki að reyna að gera við bíllinn heldur sjálfan mig.

www.icelandexpress.is/kaupmannahofn



**FJÖLMÖRG
AUKAFLUG
TIL KAUPMANNAHAFNAR
FRAM AÐ JÓLUM**

ALLUR PAKKINN Í KÖBEN!

Heimsæktu huggulegustu borg í heimi á hagstæðu verði!

» Það er fátt skemmtilegra en Kaupmannahöfn þegar líður að jólum. Illmurinn af „julefrokost“ berst um strætin og Tívoli opnar aftur skreytt svo mörgum jólaljósum að þú sérð þau nánast héðan.

» Hvort sem þig langar til að rölta kæruleysislega á milli kaffihúsa eða taka jólainnkaupin með trompi er Kaupmannahöfn staðurinn, þar geta allir fundið sér eitthvað skemmtilegt að gera.

» Bókaðu ferð til Kaupmannahafnar strax á icelandexpress.is



Verð frá: **7.995 kr.***
Barnaverð: **5.995 kr.***

*Áðra leið með sköttum. Gildir fyrir börn 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum.

Ferðþjónusta Iceland Express, Grimsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600



AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LERHI

LOKADAGAR ÞVOTTADAGA



**AEG ÞVOTTAVÉLAR,
ÞURRKAÐAR OG
UPPÞVOTTAVÉLAR
Á TILBOÐSVERÐI!**

**EFTIRSÓTTASTA
PAR LANDSINS**

TILBOÐSVERÐ KR. 159.000,-



RÁÐIÓNAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000

ORMSSON

LÁGMÚLA SÍMI 530 2800
SMÁRALIND SÍMI 530 2900
UMBODSMENN UM LAND ALLT